

**SKOÐUN** E-bóla gæti náð sér á strik með rigningartíð í apríl skrifar Þórir Guðmundsson. 12



**LÍFIÐ** Fatahönnuðurinn Elísabet Karlsdóttir tekur þátt í hönnunarkeppni á vegum ítalska Vogue. 26



**SPORT** Frakkar heimsmeistarar í handbolta í fimmta sinn eftir sigur á peningaliði Katar í úrslitaleik. 22


LANDMARK
FASTEIGNASALA
Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Mánudagur**
2. febrúar 2015
27. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



**Við erum heppin**
Fjármálaráðherra segir okkur heppin með mikla landsframleiðslu. Samstaða sé á Alþingi um að fjárlög verði hallalaus. 8

**Hótel við Hlemm** Reisa á mikla viðbyggingu við gamla Búnaðarbankahúsið við Hlemm og opna þar nýtt hótel. 4

**Enginn dýralæknir** Stór hluti Austurlands var án dýralæknis í þrjár vikur því ekki enginn vildi leysa hann af þegar hann fór í frí. 11



12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -4° | | NV | 7 |
| Akureyri | -6° | | N | 7 |
| Egilsstaðir | -8° | | NA | 12 |
| Kirkjubæjarkl. | -5° | | N | 6 |
| Reykjavík | -4° | | NV | 6 |

**Bjartviðri** sunnan til í dag en skýjað og stöku él N- og NA-lands. Norðan 5-14m/s, hvassast A-lands. Frost 1-10 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Fasteignir | Fólk




# Byggja verksmiðju á fiskroði

Fyrirtækið Codland í Grindavík hefur hlotið veglegan rannsóknastyrk til að halda áfram vöruþróun úr fiskroði. Verksmiðja verður reist þegar vöruþróun lýkur, sem vinnur úr allt að 3.000 tonnum af fiskroði á ári.

**NÝSKÖPUN** Fullvinnslufyrirtækið Codland í Grindavík hefur hlotið veglegan rannsóknastyrk til að þróa verðmætar vörur úr íslensku fiskroði. Þegar rannsóknum og þróun lýkur er stefnt á að reisa verksmiðju sem vinnur verðmæta vöru úr allt að 3.000 tonnum af roði á ári.

Rannsóknarverkefnið, sem er til þriggja ára, mun leiða saman nokkur af helstu líftæknifyrirtækjum og stofnunum á Norðurlöndunum og hefur það að markmiði að þróa ný ensím sem ætluð verða sérstaklega til að vinna kollagen peptíð úr kaldsjávarfiski. Styrkféð, sem veitt er af Nordic Innovation, nefndar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, er 75 milljónir króna.

Erla Ósk Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Codland, segir rannsóknastyrkinn mikla lyftistöng fyrir það rannsókna- og þróunarstarf sem unnið er hjá Codland.

Undanfarin misseri hefur Codland unnið að tilraunaframleiðslu kollagens úr þorskroði í samstarfi við gelatínframleiðendur á Spáni, en kollagen er lífvirkt efni sem sífellt verður vinsælla í heilsu- og snyrtivörugeiranum. Vinnslan margfaldar jafnframt virði fiskroðsins sem hráefnis, og ekki fjarri lagi að með því að selja kollagen í smáum neysluskömmtum til neytenda sé virðisaukinn fimmtugfaldur.

Í verksmiðju Codland, sem stefnt er á að reisa, er talið raunhæft að unnið verði úr tvö til þrjú þúsund tonnum af fiskroði á ári. Talið er raunhæft að fyrirtæki sem vinna afurðir úr fiskroði muni skapa 100 til 200 manns atvinnu hér á landi innan fárra ára.

- shá / sjá síðu 6



**„Við erum þegar að framleiða kollagen á Spáni sem er hluti þeirrar vinnu að undirbúa verksmiðjuna hérna heima.**

*Erla Ósk Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Codland*




**652 PERSÓNULEG MET Á STÓRMÓTI ÍR** Tristan Freyr Jónsson úr ÍR sést hér í hástökki á Stórmóti ÍR sem fram fór í Laugardalshöll um helgina. Tristan Freyr, sem er sonur tugþrautarkappans Jóns Arnars Ingvarssonar, setti nýtt met í 60 metra grindahlaupi en alls bættu keppendur sig í 652 greinum. Sjá síðu 22 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Skortur á öruggu skjóli fyrir fórnarlömb hamlar rannsóknum mansalsmála:

# Barnshafandi afþakkaði aðstoð

**SAMFÉLAGSMÁL** Hér á landi er stödd ung barnshafandi kona sem sýnir öll einkenni mansals en afþakkar alla aðstoð.

Þegar einstaklingur afþakkar aðstoð með þessum hætti er lítið sem lögregla getur aðhafst í málinu og því telst því lokið í bili. Konan hefur sótt um hæli á Íslandi.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem grunur um mansalsfórnarlömb koma barnshafandi til landsins.

Þrjár barnshafandi konur dvöldu í Kristínarhúsi árið 2012 og fengu aðstoð sem mansalsfórnarlömb. Hins vegar er engin vitneskja um það hvers vegna þær komu til landsins. Konurnar fengust ekki til að segja nánar frá aðstæðum sínum.

Snorri Birgisson rannsóknarlögreglumaður á Suðurnesjum segir mál af þessu tagi afar erfið viðureignar. Þar sem úrræði séu af skornum skammti sé lítið að bjóða mansalsfórnarlömbum.

„Kvennaathvarfið er eina skjólið í dag en hentar ekki alltaf því fórnarlömb eru líka karlmenn. Það þarf að bæta úr þessu,“ segir Snorri.

Lokun Kristínarhúss hefur haft áhrif á vinnslu mansalsmála. Þegar ekki er lengur fyrir hendi öruggt skjól fyrir mansalsfórnarlömb er erfitt fyrir lögreglu og félagsþjónustu að vinna traust fórnarlambanna sem getur bæði haft skaðleg áhrif á rannsókn máls og bata fórnarlambs.

- kbg/vh sjá síðu 10



**„Kvennaathvarfið er eina skjólið í dag en hentar ekki alltaf því fórnarlömb eru líka karlmenn. Það þarf að bæta úr þessu.**

*Snorri Birgisson rannsóknarlögreglumaður*




## SPURNING DAGSINS



### Er allur vindur úr ykkur?

**Það blása alltaf ferskir vindar hjá Landsvirkjun.**

Hörður Arnarson er forstjóri Landsvirkjunar en fyrirtækið ætlaði alltaf að leggja vindafls virkjanakosti sína inn til verkefnastjórnar rammaáætlunar.

Bardagar héldu áfram í austurhluta Úkraínu. Barist er um mikilvæga lestarstöð í austurhlusta landsins:

# Friðsamleg lausn ekki í sjónmáli í Úkraínu

**ÚKRAÍNA, REUTERS** Úkraínskir hermenn og skæruliðar aðskilnaðarsinna héldu áfram að skiptast á skotum í austurhluta landsins í gær.

Eftir að vopnahlésviðræður fóru út um þúfur gripu menn til vopna á ný og börðust af auknum krafti. Helsti styrinn snýr nú að bænum Debaltseve. Bærinn er í Donetskhéraði og íbúar hans eru á þriðja tug þúsunda. Hernaðarlegt mikilvægi hans er mikið þrátt fyrir smæð hans en hann hýsir lestarstöð sem uppreisnarmenn vilja ráða yfir.

Yfirvöld í Kænugarði segja að minnst þrettán hermenn úr þeirra röðum hafi látist í gær auk jafn margra óbreyttra borgara. Líklegt er að sú tala hafi hækkað. Tölur um mannfall aðskilnaðarsinna liggja ekki fyrir.

Í borgum og bæjum í kringum Debaltseve hefur einnig verið barist. Uppreisnarmenn hafa náð bænum Vuhlehirsk á sitt vald og sprengjum rignir yfir Avdiivka. Íbúar á svæðinu hafa flúið og leitað skjóls í borginni Slaviansk sem er undir stjórn yfirvalda.

„Við vitum ekki einu sinni hverjir eru að skjóta. Sprengjunum rigndi yfir bæinn og þar er ekkert vatn, rafmagn eða matur," segir maður sem flúði frá Avdiivka.

Bardagar hafa nú staðið í landinu, með hléum, í níu mánuði. Talið er að yfir fimm þúsund manns hafi látist í átökunum. Í augnablikinu virðist friðsamleg lausn ekki vera í sjónmáli. **- jóe**



**HALARÓFA** Skriðdrekar stjórnarhersins á leið á vígvöllinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Loðnan dreifist milli fárra:

# Kvótaútboð var ekki möguleiki

**SJÁVARÚTVEGUR** Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, segir að ekki hafi komið til greina að bjóða út viðbótar loðnukóta.

Ráðherrann hyggst staðfesta niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar um aukinn kvóta og segir gleðiefni í hve góðu standi stofninn sé. Fréttirnar muni koma til með að hafa jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf.

Sjö fyrirtæki eiga um níutíu prósent af kvótanum. Sigurður segir það kerfi sem nú sé við lýði gott og sem betur fer séu þessi fyrirtæki dreifð víða um land. Dreifing teknanna inn í samfélagið sé góð. **- hks, jóe**

Enn barist um Maiduguri:

# Hrundu árás Boko Haram

**NÍGERÍA, BBC** Nígerískir hermenn hafa náð að hrinda árás liðsmanna Boko Haram á borgina Maiduguri. Fjöldi sjónarvotta hefur staðfest þessar fregnir.

Þetta er í annað sinn á rúmri viku sem samtökin gera áhlaup á borgina.

Bardagar hófust snemma í gærmorgun og stóðu daglangt. Samkvæmt upplýsingum frá Nígeríustjórn voru skæruliðarnir hraktir á brott og mannfall Boko Haram mikið.

Maiduguri er fjölmennasta borg Bornó-héraðs og hefur Boko Haram lengi haft augastað á henni. Hernaðarlegt mikilvægi hennar er gífurlegt. **- jóe**



**EKKI Í BOÐI** Peninga vantar til að reka legurými sem því standa tóm á Hvammstanga.

# Legurýmin ekki nýtt og íbúarnir örvænta

Íbúar Húnaþings vestra eru ósáttir við að ekki fáist fjármagn til að reka legurými á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga. Í stað þess þurfa íbúar að leggjast inn langt frá heimili. „Íbúar örvænta," segir sveitarstjórinn.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki er til fjármagn til að fullnýta legurými á heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga. Þess í stað hafa íbúar í Húnaþingi vestra þurft að nota legurými á Akranesi, í Reykjavík eða á Akureyri, sem er töluvert dýrara rými.

„Íbúarnir eru orðnir þreyttir á ástandinu og hálfgerð örvænting er komin upp hjá sumum íbúum sveitarfélagsins," segir Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra.

Heilbrigðisstofnunin á Hvammstanga hefur á að skipa legurýmum fyrir um 20 einstaklinga. Sautján af þeim eru hins vegar aðeins nýtt því ekki fæst fjármagn frá hinu opinbera til að bæta við starfsfólki. Að mati Guðnýjar er samt sem áður undirmannað á heilbrigðisstofnuninni þrátt fyrir að aðeins 17 rými séu nýtt.

„Við höfum séð dæmi þess að einstaklingar hafi þurft að liggja annars staðar á landinu. Það er auðvitað mjög erfitt fyrir bæði einstaklinginn sem og alla aðstandendur. Þú skreppur ekki á Akranes eða til Reykjavíkur eftir vinnu til að hitta þann sem þér er nákominn," segir Guðný Hrund.

Eðvald Daníelsson, íbúi á Hvammstanga, segir þetta ástand ólíðandi. Það hafi til dæmis haft mikil áhrif á hans fjölskyldu.

„Móðir mín, sem verður 85 ára á þessu ári, þarf aðstoð við allar daglegar þarfir og það leggst á okkur fjölskyldumeðlimi að aðstoða hana allan tíma sólarhringsins. Þetta álag á okkur er mjög mikið. Faðir minn fór að finna fyrir hjartveilu fyrir skömmu og rek ég það til álags sem á hann er lagt. Á meðan er ekki allt rými fullnýtt á heilbrigðisstofnuninni í bænum. Fyrir mína parta þá gengur þetta ekki upp til lengdar," segir Eðvald.

Guðný Hrund telur að það þurfi ekki að ráða nema tvo starfsmenn í umönnun á stofnunina til að hægt sé að fullnýta þau rými sem þegar eru til. „Það þarf ekki að byggja rými, þau standa þarna auð og ónotuð. Einnig þurfum við ekki á að halda sérhæfðu starfsfólki," segir sveitarstjórinn.

Íbúar bæjarins hafa mótmælt þessari skertu þjónustu og ályktuðu á íbúafundi í janúar að skora á þingmenn kjördæmisins að berjast fyrir því að tryggja fjármagn til reksturs heilbrigðisstofnunarinnar.



**Þú skreppur ekki á Akranes eða til Reykjavíkur eftir vinnu til að hitta þann sem þér er nákominn.**

*Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra.*

sveinn@frettabladid.is



**BÆNAHALD** Víða í Jórdaníu var beðið fyrir al-Kaseasbeh. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jórdönskum herflugmanni haldið föngnum af Íslamska ríkinu:

# Fangi í skiptum fyrir flugmann

**JÓRDANÍA, BBC Ráðamenn í Jórdaníu hafa gefið út að þeir muni gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir meðlimir Íslamska ríkisins taki herflugmanninn Muath al-Kaseasbeh af lífi. Þau örlög biðu japanska blaðamannsins Kenji Goto en hann var hálshöggvinn um helgina.**

**Samtökin fara fram á að Sajida al-Rishawi, liðsmanni al-Kaída, verði sleppt úr fangelsi í skiptum fyrir al-Kaseasbeh. Hún hefur verið í haldi síðan 2005 eftir sprengjuárás í höfuðborginni Amman.** **- jóe**


www.pyngjan.is




ENNEMM / SÍA / NM67003

GREIÐSLUAPP Í SNJALLSÍMANN

Pyngjan er greiðsluapp sem einfaldar lífið og þú þarft ekki að taka upp kortið

ANDROID APP ON Google play
Available on the iPhone App Store

Pyngjan


Rannsóknarsetur í skipulagsfræðum skilaði mati á breytingum við Skógafoss:

# Uppbygging auki vægi fossins

**RANGÁRÞING EYSTRA** Gimlé, rannsóknarsetur í skipulagsfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skilað af sér umsögn um breytingu á deiliskipulagi á jörð Ytri-Skóga við Skógafoss.

Meðal þess sem áætlað er að byggja er hótel og þéttbýliskjarni fyrir tvö hundruð íbúa. Hugmyndir um uppbygginguna við svæðið reyndust umdeildar og fól því sveitarstjórnin Gimlé verkið í maí á síðasta ári.

Meðal þeirra atriða sem metin voru er hvort tillagan bæti aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og uppbygginguna slíkrar þjónustu og einnig hvort hún rýri önnur landgæði á svæðinu.

Við greiningu sína setti Gimlé Skógafoss í fyrsta sæti. Í niðurstöðunum kemur fram að breytingarnar skapi verulega aukningu á gistirýmum og annarri aðstöðu sem tengist ferðaþjónustu.

Þar kemur einnig fram að ekki sé hægt að sjá að breytingarnar muni rýra önnur landgæði heldur muni þvert á móti koma til með að gefa Skógafossi aukið vægi. Bílastæði og tjaldsvæði muni færast fjær fossinum og opna ýmsa möguleika tengda honum.



**SKÓGAFOSS** Tölvugerð mynd sýnir staðsetningu hótelsins.

Niðurstöðuna má sjá í heild sinni á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is. Fyrirhugað er að halda kynningu á niðurstöðum úttektarinnar í byrjun febrúar í Fossbúð í Skógum. Nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir en fundurinn verður öllum opinn. **- jóe**

heimkaup.is

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MIÐNÆTTI!

**70%** afsláttur
17.990,-
~~29.990,-~~
~~44.990,-~~
Candy
Örbylgjuofn 900W

**60%** afsláttur
3.990,-
~~5.990,-~~
~~9.990,-~~
Russell Hobbs
Salt og pipar kvarnir með ljósi

**60%** afsláttur
1.990,-
~~3.743,-~~
~~4.990,-~~
Diamante heyrnartól

**50%** afsláttur
4.990,-
~~8.175,-~~
~~9.990,-~~
Mix & Go

## Margar vörur langt undir kostnaðarverði!

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **43%** afsláttur<br>2.490,-<br>~~3.675,-~~<br>~~4.390,-~~<br>Play Up stuttbuxur | **90%** afsláttur<br>1.299,-<br>~~7.513,-~~<br>~~12.990~~<br>Playstation 3 Battlefield 4 leikur | Remington<br>**58%** afsláttur<br>5.490,-<br>~~6.990,-~~<br>~~12.990~~<br>Gjafasett hárblásari & sléttujárn | **70%** afsláttur<br>597,-<br>~~1.723,-~~<br>~~1.990,-~~<br>Lisbeth Dahl<br>Hálsmen *fuglabúr* | LEGO wear<br>**50%** afsláttur<br>1.990,-<br>~~3.192,-~~<br>~~3.990,-~~<br>Lego Aila 650 vettlingar |
| York Fitness<br>**70%** afsláttur<br>11.367,-<br>~~28.775,-~~<br>~~37.890~~<br>Bekkpressubekkur | **70%** afsláttur<br>399,-<br>~~1.008,-~~<br>~~1.319,-~~<br>24 trélitir | Maybelline<br>**50%** afsláttur<br>1.225,-<br>~~2.001,-~~<br>~~2.450,-~~<br>Varalitur 912 Electric Orange | LEGO wear<br>**40%** afsláttur<br>1.990,-<br>~~2.632,-~~<br>~~3.290,-~~<br>Lego Aske 654 húfa | Sony<br>**54%** afsláttur<br>29.990,-<br>~~44.990,-~~<br>~~64.990~~<br>Hljómtækjastæða |
| **80%** afsláttur<br>898,-<br>~~2.245,-~~<br>~~4.490,-~~<br>Turtles Go Time Hasar spil | Avon<br>**60%** afsláttur<br>799,-<br>~~995,-~~<br>~~1.990,-~~<br>Super Drama maskari | **70%** afsláttur<br>10.490,-<br>~~17.490,-~~<br>~~34.990~~<br>XtremeMac Tango Air hátalari | **65%** afsláttur<br>2.065,-<br>~~5.068,-~~<br>~~5.900,-~~<br>Sólin Björg<br>Thermobollar 2 stk í kassa | Russell Hobbs<br>**50%** afsláttur<br>4.490,-<br>~~7.428,-~~<br>~~8.990,-~~<br>Stylo eggjasuðutæki |

Tilboð gildir 2. feb. með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## Meirihluti Íslendinga verslar á netinu!
## Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is

### Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

### Hægt að greiða við afhendingu

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

### Frí heimsending samdægurs

Pantaðu fyrir kl. 17[00] og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

## Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

## SVONA ERUM VIÐ



**35** milljónir tonna af loðnu hafa Íslendingar dregið að landi síðan veiðar hófust fyrir um 50 árum.

Fjölbrautaskóla Snæfellinga settar þrengri fjárhagsskorður þannig að fækka þarf nemendum:

# Verðum að minnka segir skólameistarinn

**SKÓLAMÁL** „Ég lít á fjárlög fyrir árið 2015 sem niðurstöðu. Niðurstaðan er sú að það er verið að minnka skólann. Hvatinn til þess að hafa sem flesta nemendur er horfinn,“ segir Jón Eggert Bragason, skólastjóri Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Slæm rekstrarstaða fjölbrautaskólans var til umræðu í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar í lok síðustu viku. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2015 eru rekstrar- og faglegir möguleikar Fjölbrautaskóla Snæfellinga skertir verulega.

Niðurskurðurinn byggir einkum á tveimur forsendum. Annars vegar er nemendaígildum við skólann fækkað úr 185 í 151 eða um 18,4 prósent. Hins vegar að skólinn eigi að einbeita sér að „kjarnastarfsemi“ framhaldsskóla, sem sé að mennta dagskólanemendur á hefðbundnum framhaldsskólaaldri undir 25 ára. Skólinn eigi því ekki að sækjast eftir dreif- og fjarnemendum. Þessi niðurstaða fjárlaga þykir munu veikja skólann verulega. - kbg



**SKERTIR MÖGULEIKAR** Nemendaígildum fækkar um 18,4 prósent og skólinn á að einbeita sér að kjarnastarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRAFNHILDUR HALLVARÐSDÓTTIR



**DAGUR B. EGGERTSSON** Segir ástandið alvarlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Borgarstjóri vill aðgerðir:

## Ráðherra sýni á húsnæðisspilin

**STJÓRNMÁL** „Stórt útspil í húsnæðismálum gæti verið það sem þarf inn í mjög erfiða stöðu í húsnæðismálum,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sem kveðst hissa á því að stjórnvöld treysti sér til að skila auðu í málefnum leigjenda í aðdraganda kjaraviðræðna. Ástandið sé mjög alvarlegt, húsnæðisverðið sé að hækka og fleiri og fleiri lendi í erfiðleikum. Félagsmálaráðherra verði að fara að sýna á spilin í húsnæðismálum. - þká

Staðfesti smálánaúrskurð:

## Fyrirkomulagið stenst ekki lög

**NEYTENDAMÁL** Smálánafyrirtækjum var óheimilt að telja gjald fyrir lánshæfismat ekki inn í heildarkostnað við lántöku. Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest úrskurð Neytendastofu þess efnis.

Úrskurður nefndarinnar sneri að fyrirtækjunum Hraðpeningar, 1909 og Múli en áður hafði hún komist að sömu niðurstöðu í málum fyrirtækjanna Smálán og Kredia.

Stjórnvaldssektir hafa verið lagðar á öll fyrirtækin fimm en tvö síðastnefndu fyrirtækin hafa einnig verið beitt dagsektum. - jóe

# Vilja nýtt hótel við Hlemm og veitingar í aðfluttu húsi

Samkvæmt tillögu að breytingu á deiliskipulagi á bankareitnum við Laugaveg 120 er gert ráð fyrir hótelbyggingu meðfram Rauðarárstíg, Stórholti og Þverholti. Skipulagsfulltrúi ekki með áhyggjur af bílastæðaskorti.

**SKIPULAG** Tillaga um breytingu á deiliskipulagi á bankareitnum við Laugaveg 120 hefur nú verið auglýst og á að skila ábendingum og athugasemdum fyrir 13. mars til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur. Lóðarhafi, Mannverk ehf., hefur óskað eftir að skipulagsheimildum verði breytt þannig að hótel, þriggja til fjögurra hæða, rúmist á lóðinni.

„Það er gert ráð fyrir hótelbyggingu meðfram Rauðarstíg, upp Stórholt og inn Þverholt. Þar er gert ráð fyrir innigarði sem nýtist sem hótelgarður,“ segir Björn Axelsson skipulagsfulltrúi.

Björn kveðst ekki hafa áhyggjur af mögulegum skorti á bílastæðum á svæðinu. „Það eru sautján stæði við Þverholt, innan lóðar Laugavegs 120. Þar að auki eru almenn bílastæði allt um kring og stutt í almenningssamgöngur. Við höfum ekki áhyggjur og ekki lóðarhafar heldur.“

Um áhyggjur þeirra sem starfa í ferðaþjónustu og aka ferðamönnum til og frá hótelum bendir Björn á að yfirleitt fylgi ekki mörg stæði hótelum í Reykjavík.

Í breytingunni felst meðal annars að lóðirnar að Laugavegi 120 og 124 verði sameinaðar, húsið Norðurpóll sem upphaflega var við Hverfisgötu 125 verði flutt á lóð merkta Laugavegur 122 eða 124, vestari hluti lóðar verði torgrými opið almenningi sem Hlemmur og framhús bankabyggingar mun halda heitinu Laugavegur 120.

Að sögn skipulagsfulltrúa er gert ráð fyrir veitingaaðstöðu á fyrirhuguðu torgi, í húsinu sem heitir Norðurpóll. Húsið var byggt 1904 og í því var rekin veitingasala um tíma. Byggingin, sem er friðuð, hefur nú verið gerð upp og bíður flutnings.

ibs@frettabladid.is



**BANKAREITURINN** Hér er fyrirhugað torg sem verður opið almenningi. Gert er ráð fyrir veitingaaðstöðu á torginu.

**NORÐURPÓLL**

**NORÐURPÓLL** Í húsinu, sem var byggt 1904 og er friðað, á að vera veitingasala. Húsið stóð við Hverfisgötu 125 og í því var veitingasala um tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## VERULEG UPPBYGGING FYRIRHUGUÐ Á BANKAREITNUM VIÐ HLEMM

### ➜ Fyrri tillaga




### ➜ Núverandi tillaga





# TIL LEIGU



**Til leigu gott 48 fm skrifstofurými á 6. hæð í Borgartúni 30.**

Húsnæðið er í lyftuhúsi og skiptist í þrjár lokaðar skrifstofur með síma- og tölvutengjum, ásamt móttöku og með sér inngangi. Aðgangur er að fundarsal sem rúmar 80 manns í sæti ásamt fullbúinni fundaraðstöðu. Aðgangur að tækjarými og símsvörun. Sameiginleg snyrting og matar- og kaffiaðstaða eru á hæðinni. Húsnæðið er laust og til afhendingar strax.

Upplýsingar í síma 8611449.


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 14° | Friedrichshafen | 2° | New York | 2° |
| Aþena | 15° | Gautaborg | 0° | Orlando | 23° |
| Basel | 9° | Kaupmannahöfn | 0° | Ósló | -3° |
| Berlín | 2° | Las Palmas | 18° | París | 3° |
| Billund | 0° | London | 3° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 4° | Mallorca | 13° | Stokkhólmur | 1° |




**Á MORGUN** 3-10m/s. Vaxandi S-átt með deginum




**MIÐVIKUDAGUR** Stíf V-átt, 5-18m/s

**ÚRKOMULÍTIÐ OG BJART SYÐRA** en stöku él N- og NA-lands. Hvessir með A-ströndinni síðdegis. Snýst síðan í SV-átt á morgun með bjartviðri um mest allt land framan af degi. Hlýnar á landinu til miðvikudags.



**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**Tilboð: 3.690.000 kr.**

**Mazda6 Vision** FHE21
Skráður maí 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 69.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 2.790.000 kr.**

**Kia Rio Ex** IVH19
Skráður apríl 2014, 1,4TDi dísil, beinskiptur.
Ekinn 5.400 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 2.350.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend** JIN64
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskiptur
Ekinn 94.000 km.
Ásett verð: 2.570.000 kr.




**Tilboð: 2.390.000 kr.**

**Citroën C4 Comfort** SYA28
Skráður febrúar 2014, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn: 44.000 km.
Ásett verð: 2.560.000 kr. *Í ábyrgð*

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*



**Verð: 1.090.000 kr.**

**Volkswagen Polo** Comfortline LKY41
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 111.000 km.




**Tilboð: 2.240.000 kr.**

**Mazda2 Premium** GVM81
Skráður maí 2014, 1,5i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn: 25.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 7.350.000 kr.**

**Volvo XC60** Summum D4 AWD KGK91
Skráður maí 2014, 2,4TDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 36.000 km.
Ásett verð: 7.590.000 kr. *Í ábyrgð*

## FINNDU BÍLINN ÞINN

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

## TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð 2.950.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** ORK29
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín beinsk.
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr.




**Tilboð: 2.730.000 kr.**

**Ford Focus Titanium** ZSD15
Skráður júní 2012, 1,6TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 87.000 km.
Ásett verð: 2.870.000 kr.




**Tilboð: 790.000 kr.**

**Volvo V40 SE** PN105
Skráður janúar 2003, 1,9i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 165.000 km.
Ásett verð: 890.000 kr.




**Tilboð: 1.290.000 kr.**

**Ford Escape XLT** MZ601
Skráður maí 2007, 3,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 126.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Mercedes Benz E-Class** 200 MAE68
Skráður okt. 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.
Ekinn 138.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.




**Tilboð: 3.690.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S** PHG38
Skráður desember 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 85.000 km.
Ásett verð: 4.130.000 kr.




**Tilboð: 8.490.000 kr.**

**Volvo XC90** Momentum D5 AWD EYG10
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 69.000 km.
Ásett verð: 9.090.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mikið eykst verðmæti loðnuaflans með viðbótarkvóta?
**2.** Hversu miklu hærri eru laun íslenskra stjórnenda miðað við kollega þeirra á Norðurlöndunum?
**3.** Hver er Eugene de Kock?

**SVÖR:**

**1.** 25 milljarðar króna. **2.** 5 prósent hærri. **3.** De Kock var yfirmaður dauðasveitar í tíð aðskilnaðarstjórnarinnar í Suður-Afríku.

Tvennir feðgar vilja nýtt hlutverk fyrir gamlan vatnstank ofan við Vilhjálmsvöll á Egilsstöðum:

# Skúlptúrar í vatnstanki með útsýnispalli

**FLJÓTSDALSHÉRAÐ** Tvennir feðgar hafa farið þess leit við bæjaryfirvöld Fljótsdalshéraðs að vatnstanki, sem stendur á Þverklettum skammt frá Vilhjálmsvelli, verði breytt í útsýnispall og muni einnig hýsa listaverk.

„Skúlptúrana hans Sölva vantar nýtt heimili bráðum og okkur datt þetta í hug,“ segir Halldór Warén en hann, ásamt Sölva Aðalbjarnarsyni, syni hans og föður sínum, stendur fyrir verkefninu.

Hugmyndin er sú að styttunum yrði komið fyrir ofan á tankinum. Inni í honum er hugmyndin að hafa myndir úr héraðinu. Einnig hefur sjónpípa verið nefnd til sögunnar þar sem hægt væri, með hjálp tölvutækninnar, að sjá hvernig landið leit út á öldum áður.

„Það stóð til að rífa tankinn áður en hugmyndin barst okkur,“ segir Gunnar Jónsson, formaður stjórnar Hitaveitu Egilsstaða og Fella. Málið er í farvegi hjá Fljótsdalshéraði en ýmsu þarf að breyta ef af verkinu á að verða. **- jóe**



**HUGMYND** Einhvern veginn svona gæti tankurinn litið út eftir breytingu. MYND/HALLDÓR WARÉN



**SVARTIFOSS** Alþingi ræðir aðgang að náttúruperlum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tekist á um náttúrupassa:

## Umræðu haldið áfram á þingi

**ALÞINGI** Samtök ferðaþjónustunnar styðja ekki frumvarp um náttúrupassa, ekki heldur landeigendur og stjórnarandstaðan tók hart á móti málinu á fimmtudag þegar iðnaðar- og viðskiptaráðherra mælti fyrir frumvarpinu.



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Stjórnarandstaðan er í heild andvíg þeirri leið sem er boðuð. Þá eru fulltrúar í ýmsum náttúru- og ferðafélögum einnig mótfallnir náttúrupassanum.

Umræða um frumvarpið heldur áfram á Alþingi í dag. **- vb**

Samtök aldraðra mótmæla:

## Segja ráðist á eldri borgara

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn Samtaka aldraðra í Reykjavík mótmælir lokun endurhæfingardeilda á Hrafnistu.

Greint var frá því í gær að ríkið mun ekki endurnýja samning við Hrafnistu um að sinna endurhæfingu þeirra sem enn búa í heimahúsum. Í yfirlýsingu frá samtökunum segir að stjórnvöld séu að ráðast á eldri borgara og skerða lífskjör:

„Lokun á endurhæfingu aldraðra eftir áföll og sjúkdóma eykur án efa fjölda þeirra sem þurfa fyrr á hjúkrunarvist og eða dagvistun að halda.“ **- skh**

# Munu reisa verksmiðju eftir þróun verðmæta úr fiskiroði

Nordic Innovation hefur veitt Codland í Grindavík veglegan styrk til rannsókna og þróunar vöru úr fiskiroði. Verksmiðja er í sjónmáli sem 50 faldar verðmæti roðs af kaldsjávarfiski, en því var lengi vel hent í sjóinn.

**NÝSKÖPUN** Fullvinnslufyrirtækið Codland í Grindavík hefur hlotið veglegan rannsóknastyrk til að þróa verðmætar vörur úr íslensku fiskroði. Þegar rannsóknum og þróun lýkur er stefnt á að reisa verksmiðju sem vinnur verðmæta vöru úr allt að 3.000 tonnum af roði á ári.

Erla Ósk Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Codland, segir að rannsóknastyrkurinn sem um ræðir séu um 75 milljónir króna og er veittur af Nordic Innovation, sjóðs á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem fjármagnar norræn nýsköpunarverkefni.

Rannsóknarverkefnið, sem er til þriggja ára, mun leiða saman nokkur af helstu líftæknifyrirtækjum og stofnunum á Norðurlöndunum og hefur það að markmiði að þróa ný ensím sem ætluð verða sérstaklega til að vinna kollagen peptíð úr kaldsjávarfiski.

Þegar rannsóknar- og þróunarstarfinu lýkur verður reist hér á landi verksmiðja sem mun framleiða kollagen peptíð á fullkomnari og hagkvæmari hátt en þekkist annars staðar í heiminum og þannig ryðja brautina fyrir frekari fullnýtingu annarra sjávarafurða.

Erla Ósk segir rannsóknastyrkinn mikla lyftistöng fyrir það rannsókna- og þróunarstarf sem unnið er hjá Codland. Ekki síst sé mikilvægt að styrkurinn tengir fyrirtækið við rannsóknaraðila sem útvíkki tækifæri fyrirtækisins til framtíðar. Um samvinnu við Matís, Barentzyme í Noregi, DTU-Biosustain og Háskólann í Árósum í Danmörku er að ræða.

Fjárfestingin við að setja verksmiðjuna á fót, samkvæmt forsendum dagsins í dag, er metin í kringum 500 milljónir króna fyrir utan húsnæði.

„Við erum þegar að framleiða kollagen á Spáni sem er hluti þeirrar vinnu að undirbúa verksmiðjuna hérna heima. Þessar rannsóknir munu, vonandi, skila fleiri afurðum og gera framleiðsluna fjölbreyttari,“ segir Erla Ósk.

svavar@frettabladid.is



**RANNSÓKNIR** Davíð Tómas Davíðsson, þróunarstjóri Codlands og umsjónar maður verkefnisins, vinnur að rannsóknum í samstarfi við Matís og Orkurannsóknir. MYND/CODLAND

> Þessar rannsóknir munu, vonandi, skila fleiri afurðum.
>
> *Erla Ósk Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Codland*

### FISKROÐIÐ VEITI 200 MANNS ATVINNU

- Undanfarin misseri hefur Codland unnið að tilraunaframleiðslu kollagens úr þorskroði í samstarfi við gelatínframleiðendur á Spáni, en kollagen er lífvirkt efni sem sífellt verður vinsælla í heilsu- og snyrtivörugeiranum.
- Framleiðsla á kollageni gefur fjölbreytt tækifæri, enda er um öflugasta byggingarprótein líkamans að ræða. Vinnslan margfaldar jafnframt virði fiskroðsins sem hráefnis, og ekki fjarri lagi að með því að selja kollagen í smáum neysluskömmtum til neytenda sé virðisaukinn fimmtugfaldur. Með kollagenframleiðslu innanlands skapast fjölmörg tækifæri til frekari atvinnuþróunar sem byggir á efninu. Í verksmiðju Codland, sem stefnt er á að reisa, er talið raunhæft að unnið verði úr tvö til þrjú þúsund tonnum af fiskroði á ári. Fyrstu hugmyndir eru að verksmiðjan rísi á Reykjanesi og nýti orku frá Reykjanesvirkjun. Eins að innan fárra ára sé ekki ólíklegt að fyrirtæki sem vinna afurðir úr fiskroði skapi 100 til 200 manns atvinnu. Með verksmiðjunni er hringnum lokað hvað varðar vinnslu aukaafurða úr íslensku sjávarfangi, en fiskroð eru að stórum hluta flutt út frosin.






# 20% aflsáttur af
## dúnsængum og koddum

Frábærar gæsadúnssængur og koddar úr hvítum gæsadún.

# 17% afsláttur
## af öllum rúmum, göflum, yfirdýnum og sængurfatnaði



Hágæða sængurfatnaður frá Georg Jensen Damask, Gant Home og DUX.

**Tilboðin gilda 2. - 7. febrúar**

DUXIANA
Ármúla 10
S-5689950
duxiana.com

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður

# Að vera réttum megin við núllið

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, telur að frumvarp um opinber fjármál sem er nú hjá þinginu sé farið að hafa góð áhrif.

**Heiða Kristín Helgadóttir**
heidakristin@frettabladid.is



„Þegar við lögðum fram frumvarpið hallalaust haustið 2013 var það mín tilfinning að þá myndaðist samstundis samstaða um það hjá öllum flokkum að verja það markmið og það kom engin tillaga fram á þinginu um aukin útgjöld án þess að þau væru þá fjármögnuð með einhverjum öðrum hugmyndum,“ segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, um hvort frumvarp til laga um opinber fjármál, sem er nú í meðförum fjárlaganefndar Alþingis, hafi haft áhrif á fjárlagavinnu hans og ríkisstjórnarinnar hingað til.

„Ég hugsaði mikið um það fyrirfram að jafnvel þó við hefðum lagt fram frumvarp með tveggja milljarða halla þá hefði verið miklu auðveldara að segja að fyrst við erum með halla þá skulum við reyna að gera betur á nokkrum sviðum og hallinn má þá alveg vera 9 milljarðar eða 15 milljarðar. En bara það að vera nokkuð hundruð milljónum réttum megin við núllið þá er það sálfræðilega mikill þröskuldur að fara yfir.“

Verði frumvarpið að lögum mun það gjörbreyta allri vinnu við fjárlög, styrkja aðkomu og eftirlitshlutverki þingsins, skýra ábyrgð ráðherra gagnvart undirstofnunum sínum, stórefla áætlanagerð við ákvarðanatöku og skylda framkvæmdarvaldið, ráðherra og ráðuneytin sem þeir stýra, til þess að uppfylla mjög skýr töluleg markmið í ríkisfjármálum. Þar að auki byggir frumvarpið á huglægum gildum um að fjármál ríkisins séu sjálfbær, jafnvægi sé milli tekna og gjalda, að þau stuðli að stöðugleika, festu og gagnsæi. Frumvarpið mun taka við af lögum um fjárreiður ríkisins og ná yfir öll opinber fjármál, líka fjármál sveitarfélaga, Enda fara 30 prósent af útgjöldum hins opinbera í gegnum sveitarfélögin með þeim verkefnum sem þau sinna í sínu nærsamfélagi.

### Opinber fjármál stillt saman

Með þessu næst betri yfirsýn og dregið er úr áhættu og óvissu sem fylgir því þegar opinberir aðilar ganga ekki í takt, líkt og hefur löngum verið raunin hér á landi þar sem opinberum fjármálum hefur ekki verið beitt með nægilega markvissum hætti sem sveiflujafnandi hagstjórnartæki.

„Við sáum það vel í aðdraganda hrunsins að það skorti á samræmingu í opinberum fjármálum. Seðlabankinn var að gera eitt, ríkið fylgdi ekki sömu línu og svo voru sveitarfélög á þriðju línunni. Þetta frumvarp á að ná utan um þennan vanda með því að stilla saman opinber fjármál,“ segir Bjarni aðspurður um kostina við væntanlegt frumvarp.

Bjarni hefur fylgst með mótun og tilurð frumvarpsins bæði sem ráðherra og sem þingmaður, því vinna við frumvarpið hófst á síðasta kjörtímabili og hefur verið framhaldið af núverandi ríkisstjórn

„Að við setjum okkur sameiginleg viðmið um hvert við viljum stefna í skuldahlutföllum og hvernig eigi að ná því fram, þótt við gerðum ekkert annað þá værum við að stíga mjög stór skref mínum huga.“



**BJARNI BENEDIKTSSON** „Það vita allir að þessi mikli uppsafnaði halli frá fyrri árum upp á 350 milljarða frá 2009-2013 hvílir á okkur. Það er langþráð markmið allra að loka fjárlagagatinu“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Fjárlaganefnd veiti aðhald

Verði frumvarpið að lögum skal heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil vera jákvæður auk þess sem heildarskuldir ríkisins verða að vera lægri en sem nemur 45 prósent af vergri landsframleiðslu. Þessar fjármálareglur frumvarpsins leitast þannig við að skapa víðtæka sátt um langtímamarkmið í opinberum fjármálum og auka festu frá einu kjörtímabili til annars

Umsvif og umfang hins opinbera og þær fjárhagslegu ákvarðanir sem hið opinbera tekur hafa mikil áhrif á samfélagið allt.

„Fjárlaganefndin hefur gert breytingar á sinni vinnu undanfarin ár, því of mikill tími hefur farið í minnstu málin og í gegnum árin hefur alltof mikill tími farið í einstök fjárlagaerindi sem berast frá einstaklingum og frjálsum félagasamtökum, þar sem öll nefndin situr til dæmis með áhugamanni um að gera upp gamlan bát en hefur á sama tíma haft takmarkaðar upplýsingar og takmarkaðan tíma til að fjalla um stóra samhengi hlutana og hvert við erum að stefna á einstökum stórum málefnasviðum. Það er mikilvægt að þingmenn séu í góðum tengslum við kjördæmin og grasrótina og framtakssama einstaklinga. En það verður að gæta að því að fjárlaganefnd rísi undir því að veita framkvæmdarvaldinu aðhald í stóru málunum á sama tíma.“

Ef frumvarpið verður að lögum mun það breyta aðkomu Alþingis að fjárlögum og færa umræðu um meginmarkmið og forgangsröðun fjármuna frá hausti fram á vor og beina sjónum þingsins fremur að stóru myndinni en einstökum fjárheimildum. En mun frumvarpið hafa áhrif á aðkomu minnihlutans?

„Það er umbylting á aðkomu minnihlutans, í gegnum þingið, að áformum ríkisstjórnarinnar áður en hún kemur fram með fjárlagafrumvarpið. Því að vori er þá tekin umræða um hallalaus eða ekki hallalaus fjárlög næsta árs og hvaða breytingar á tekjuhliðinni er verið að stefna að og hvert horfir á einstökum útgjalda sviðum.“

Samkvæmt frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að sérstakt fjármálaráð, skipað þremur óháðum sérfræðingum, verði sett á laggirnar. Hlutverk þess er meðal annars að meta hvort áætlanir í ríkisfjármálum og peningamálum séu samstillt og taki mið af sömu upplýsingum svo réttur taktur náist í hagstjórninni.

> **En bara það að vera nokkuð hundruð milljónum réttum megin við núllið þá er það sálfræðilega mikill þröskuldur að fara yfir.**
> *Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.*

### Erum heppin í augnablikinu

„Það er þannig í þessu frumvarpi að það er háð góðu samkomulagi um að markmiðin og grunngildin séu virt. Ríkisstjórn sem setur fjármálaráð sem augljóslega mun aldrei hallmæla áætlun hennar verður lítið marktæk og mun fá þann dóm í allri umræðu, að sama skapi mun fjármálaráð sem er faglegt fá meiri athygli á þá einkunn sem það gefur ríkisfjármálaáætlunum og fjárlagafrumvarpi. En við munum aldrei komast hjá pólitískum átökum um það hvernig best sé að komast áfram og bæta lífskjörin, það eru einfaldlega inngrónar í pólitíkina átakalínur um það. Ríkisstjórn getur ein og óstudd grafið undan markmiðum með ráðinu, en hún getur líka lyft því upp og það sama gildir um framsetningu fjárlagafrumvarpsins og fylgiritsins, ef þingið dettur í það að setja alla athyglina á fylgiritið og hvernig einstaka fjárheimildum er skipt þá töpum við tilganginum með þessu frumvarpi.“

Hlutverk stjórnmálafólks er að forgangsraða opinberum fjármunum milli allra þeirra sem krefjast hlutdeildar úr sameiginlegum sjóðum sem eru fjármagnaðir með skattfé. Aðspurður hvort núverandi aðgerðir ríkisstjórnarinnar, eins og skuldaleiðréttingin, séu í samræmi við breytta hugsun og töluleg markmið sem fram koma í ósamþykktu frumvarpinu segir Bjarni:

„Já við erum það heppin í augnablikinu út af landsframleiðslunni að skuldahlutföllin eru að lagast. En það er rétt að það má deila um hvað er varfærið og hægt að hafa ólíkar skoðanir á því. En í augnablikinu, vegna þess að ríkisfjármálin eru í jafnvægi og við erum ekki að missa útgjöldin langt umfram það sem áætlað var og útgjaldavöxturinn frá ári til árs er hóflegur og tekjustofnar eru að vaxa, þá væri ekki vandamál fyrir okkur að lifa með þessum nýju stífu reglum.“

## Fjármálareglur frumvarpsins

1 Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu.

2 Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnistæðum, séu lægri en sem nemur 45% af vergri landsframleiðslu.

3 Ef skuldahlutfall er hærra en 45% skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. 5% á hverju ári.

Komdu á opinn fund Félags atvinnurekenda um frumkvöðla og framtak

**LEIÐTOGINN Í ATVINNULÍFINU**

miðvikudaginn 11. febrúar kl. 14 í Nauthóli

Aðalfundur Félags atvinnurekenda verður haldinn í Nauthóli, Nauthólsvegi 106, miðvikudaginn 11. febrúar næstkomandi. Opinn fundur hefst kl. 14, en venjuleg aðalfundarstörf kl. 16.

**Dagskrá opins fundar FA:**

14.00 Ávarp ráðherra
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

14.20 How I Build A Team
Lars Lagerbäck, þjálfari landsliðs karla í knattspyrnu

14.50 Frumkvöðlar í forystu
Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

15.10 Sjónarmið og sigrar Falda aflsins
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

15.30 Kaffihlé

16.00 Venjuleg aðalfundarstörf

Fundarstjóri opna fundarins er Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri hjá Icepharma.



**Skráðu þig á atvinnurekendur.is. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.**

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# SAMSUNG Í SÓKN

## GOTT VERÐ Á HÁGÆÐA HEIMILISTÆKJUM



RB29FSRNDSS

***Kælir - frystir***

*178 cm skápur. 192+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.*

***Verð: 106.900,-***



RB29FSRNDWW

***Kælir - frystir***

*178 cm skápur. 192+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.*

***Verð: 98.900,-***



RB31FERNCSS

***Kælir - frystir***

*185 cm skápur. 208+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.*

***Verð: 134.900,-***



RS7567HTCSR

***Tvöfaldur kæliskápur með klakavél***

*362+171 ltr. Tvöfalt kælikerfi. Einnig fáanlegur í mörgum fleiri útfærslum. Burstað stál.*

***Verð: 279.900,-***



WW80H7400EW/EE

***8 kg þvottavél***

- *Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð*
- *1400 snúningar*
- *Ecobubble*

***Verð: 119.900,-***



DV70H4400CW/EE

***7 kg þurrkari***

- *Barkalaus*
- *Demantatromla*

***Verð: 99.900,-***



DW-UG721W

***Uppþvottavél***

- *Mjög rúmgóð og vel skipulögð.*
- *Hnífaparaskúffa efst.*
- *Mjög hljóðlát -aðeins 44db.*

*Hvít:* ***Verð: 117.900.-***

*Einnig til í stáli á kr. 129.900.-*

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

**ORMSSON** KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · **ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · **KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 · **SR · BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 · **ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000 · **ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · **ORMSSON** VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · **ORMSSON** PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · **ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 · **GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

## LOKUN KRISTÍNARHÚSS HEFUR SKAÐLEG ÁHRIF Á RANNSÓKN

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum kom nokkrum meintum fórnarlömbum mansals fyrir í Kristínarhúsi meðan á meðferð mála stóð hjá embættinu. Ekki var skilgreint hvort konurnar sem dvöldu í Kristínarhúsi hafi verið fórnarlömb mansals eða vændis, enda oft óljós mörk þar á milli. Lokun Kristínarhúss hefur haft áhrif á vinnslu mansalsmála. Þegar ekki er lengur fyrir hendi öruggt skjól fyrir mansalsfórnarlömb er erfitt fyrir lögreglu og félagsþjónustu að vinna traust fórnarlambanna sem getur bæði haft skaðleg áhrif á rannsókn máls og bata fórnarlambs.

Þrjár barnshafandi konur dvöldu í Kristínarhúsi árið 2012. Allar þóttu líklegar til að vera fórnarlömb mansals. Aldrei fengust þó skýringar á því hvers vegna þær komu til landsins.

Í Kristínarhúsi fæddist lítið stúlkubarn það árið og til marks um bágar aðstæður brugðu starfskonur hússins á það ráð að auglýsa á Facebook eftir ungbarnafötum, vöggu eða rúmi fyrir barnið. Viðbrögð voru vonum framar.

➜ Þegar ekki er lengur fyrir hendi öruggt skjól fyrir mansalsfórnarlömb er erfitt fyrir lögreglu og félagsþjónustu að vinna traust fórnarlambanna.

Ábyrgð á öruggri neyðarvistun, stuðningi og ráðgjöf til handa fórnarlömbum mansals er innanríkisráðuneytis. Samkvæmt aðgerðaáætlun gegn mansali á að tryggja velferð fórnarlamba svo ljúka megi rannsókn mála og trygga bata.



**BARNSHAFANDI KONUR TIL LANDSINS** Ung kona er stödd hér á landi og leikur sterkur grunur á mansali. Hún er barnshafandi. Þrjár barnshafandi konur dvöldu í Kristínarhúsi árið 2012. NORDICPHOTOS/GETTY

# Barnshafandi í mansalsmáli

Allt að tíu mansalsmál koma til kasta lögreglunnar á Suðurnesjum á hverju ári. Hér á landi er stödd ung, barnshafandi kona sem er grunað mansalsfórnarlamb. Hún afþakkar aðstoð og hefur sótt um hæli.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is
**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



Lögreglan fékk tíu ábendingar um mansal sem hún fylgir eftir í kjölfar umfjöllunar um mansal í Fréttablaðinu. Frá þessu greinir Snorri Birgisson, rannsóknarlögreglumaður á Suðurnesjum, sem rannsakað hefur mansalsmál og staðið fyrir fræðslu um þau undanfarin ár.

Töluverður fjöldi mansalsmála kemur til kasta lögreglu í umdæminu, fimm til tíu á ári.

„Málin eru af ýmsum toga, fíkniefni, vegabréfafalsanir, vændi og síðan skoðun á aðstæðum í tengslum við nauðungarvinnu. Það er algjörlega fyrir utan upplýsingar sem okkur berast og tengjast þá jafnvel öðrum embættum þar sem við komum upplýsingum áleiðis þangað og þau stofna til rannsóknar á.“

Snorri staðfestir að síðustu mál sem voru til rannsóknar hjá lögreglunni vörðuðu vegabréfafölsun. Ung kínversk kona kom á fölsuðu vegabréfi til landsins fyrir áramót og lögreglan var sannfærð um að um mansal væri að ræða. Það tókst ekki að færa sönnur á það og hún var dæmd fyrir fölsunina.

Þá er stödd hér á landi ung barnshafandi kona sem er grunað mansalsfórnarlamb. Hún sýnir öll einkenni mansals en afþakkar alla aðstoð. Hún hefur sótt um hæli hér á landi. Þegar einstaklingur afþakkar aðstoð með þessum hætti er lítið sem lögregla getur aðhafst í málinu og því telst því lokið í bili.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem grunuð mansalsfórnarlömb koma barnshafandi til landsins. Þrjár barnshafandi konur dvöldu í Kristínarhúsi árið 2012 og fengu aðstoð sem mansalsfórnarlömb. Hins vegar er engin vitneskja um það hvers vegna þær komu til landsins. Konurnar fengust ekki til að segja nánar frá aðstæðum sínum.

Snorri segist ekki geta tjáð sig um mál einstaklinga en segir mál af þessu tagi afar erfið viðureignar. Þar sem úrræði séu af skornum skammti sé lítið að bjóða mansalsfórnarlömbum. Þau hafi litla ástæðu til þess að treysta þeim sem þau mæta hér á landi. Fórnarlömb mansals yfirfæri oft reynslu af spilltum yfirvöldum í heimalandinu yfir á íslenska lögreglu.

> **Við stöndum til dæmis ráðalaus gagnvart tilfellum þar sem nígerískar konur eru látnar sverja eiða. Þær trúa því að haldi þær ekki eiðinn gerist eitthvað hræðilegt. Þeir einu sem geta aflétt eið sem þessum eru kaþólskir prestar.**
>
> *Snorri Birgisson*
> *rannsóknarlögreglumaður*

„Það er langerfiðast að öðlast traust fórnarlamba og hvert mál tekur langan tíma í rannsókn vegna þess. Þá er fórnarlömbunum stundum hótað með þeim hætti að mjög erfitt reynist að ná trausti þeirra. Við stöndum til dæmis ráðalaus gagnvart tilfellum þar sem nígerískar konur eru látnar sverja eiða. Þær trúa því að haldi þær ekki eiðinn gerist eitthvað hræðilegt. Þeir einu sem geta aflétt eið sem þessum eru kaþólskir prestar. Við höfum reynt að fá þá okkur til aðstoðar en með litlum árangri.“

### Vita ekki að þau eru fórnarlömb

Snorri segir marga þá sem koma á fölsuðum vegabréfum í von um betra líf og vinnu í öðru landi oft ekki vita að þeir eru fórnarlömb. „Fyrir þeim eru þau ekki fórnarlömb. Við erum gegnumstreymis land og síðasti öryggisventillinn áður en fólkið gengur í gildruna. Þess vegna þurfum við að fræða fólk í vegabréfsskoðun. Við erum ekki bara að leita að stolnum eða fölsuðum vegabréfum, við erum líka að leita eftir einkennum mansals.

Þá leitum við eftir ýmsum öðrum ummerkjum mansals, það er til dæmis algengt að það sé fylgdarmaður með í för.“

Snorri segir mikla þörf á úrræðum til handa fórnarlömbum mansals og skorturinn á þeim hamli rannsókn á málum. „Kvennaathvarfið er eina skjólið í dag en hentar ekki alltaf því fórnarlömb eru líka karlmenn. Það þarf að bæta úr þessu.“

Í umfjöllun síðustu vikna hefur komið fram að fá mál hafa komið til kasta dómstóla. Snorri bendir á að það þurfi að fá erlenda dómara til landsins til þess að deila reynslu sinni.

„Við þurfum að fá dómara á Norðurlöndum til liðs við okkur og til að fræða dómara hér á landi um mansal. Það þarf algjöra viðhorfsbreytingu.“






Hluti Austurlands var án dýralæknis undir lok síðasta árs. Nefndarformaður vill aukna aðkomu ríkisins:

# Núverandi staða stefni velferð dýra í voða

**FLJÓTSDALSHÉRAÐ** Umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótsdalshéraðs vill að bæjarstjórn sveitarfélagsins, Matvælastofnun (MAST) og ráðherra landbúnaðarmála komi í veg fyrir að það endurtaki sig að stór hluti Austurlands verði dýralæknislaus.

„Dýralæknirinn á svæðinu fór í þriggja vikna frí í desember og á meðan var hér aðeins dýralæknir á bakvakt frá Vopnafirði," segir Árni Kristinsson, formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar. Svæðið sem um ræðir er Fljótsdalshérað og hreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og hluti Fjarðabyggðar.

„Áður voru hér tveir héraðsdýralæknar í fullu starfi en með tilkomu MAST er héraðsdýralæknirinn í raun aðeins skrifstofulæknir sem sinnir ekki skepnum," segir Árni. Eftir standi að maður í hálfu starfi sinni gífurlegu landsvæði. Árni veltir því fyrir sér hvort það fyrirkomulag brjóti í bága við lög um velferð dýra.

Í tilkynningu á heimasíðu MAST segir að í þrígang hafi verið auglýst eftir dýralæknum til að þjónusta svæðið en án árangurs. Lagt hefur verið til að reglugerð verði breytt á þann veg að hægt verði að bjóða upp á hundrað prósent stöðu í stað fimmtíu prósent stöðu eins og staðan er nú.

„Ég held að ríkið verði að koma að þessu með aukið fjármagn. Einkareksturinn hefur ekki skilað nægu hingað til," segir Árni. **- jóe**



**NAUTGRIPIR** Formaður umhverfisnefndar Fljótsdalshéraðs efast um að staðan standist lög. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meira framleitt í Svartsengi:

## Þrefalt meira metanólmagn

**VIÐSKIPTI** Metanólverksmiðja Carbon Recycling í Svartsengi verður þrefalt stærri innan nokkurra vikna. Skipulagsstofnun samþykkti matsáætlun fyrir framkvæmdina með smávægilegum athugasemdum. Í verksmiðjunni er notaður koltvísýringur úr útblæstri virkjunar HS Orku í Svartsengi og vetni sem er búið til þegar vatn er klofið með rafgreiningu. Þessu er blandað saman og búið til metanól sem er notað í framleiðslu á lífdísil og sem íblöndunarefni í bensín. **- kbg**



**HÚSAVÍK** Curio framleiðir fiskvinnsluvélar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Selja áhaldahús á Húsavík:

## Efla starfsemi Curio í bænum

**ATVINNUMÁL** Bæjarráð Norðurþings hefur samþykkt að selja félaginu Gullmolum áhaldahús og lóð á Höfðabakka 9 á Húsavík fyrir 26 milljónir króna til að styrkja starfsemi Gullmola og dótturfyrirtækisins Curio í bænum.

„Curio ehf. hóf hefðbundna vélaframleiðslu árið 1994 en einbeitir sér nú að smíði fiskvinnsluvéla fyrir hausningu, flökun og roðflettingu. Fyrirtækið kom með nýja vélalínu fyrir fiskvinnslur árið 2008 sem vel hefur gengið að selja," segir bæjaráðið. Curio er með starfsstöðvar í Hafnarfirði, á Húsavík og í Skotlandi. Starfsmenn eru 30, þar af 24 á Íslandi og sex í Skotlandi. **- gar**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** Segir ríkisstjórnina hamast á velferðarkerfinu.

Forseti ASÍ harðorður:

## Misskiptingin mikil á Íslandi

**KJARAMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir útilokað að ná þjóðarsátt um stöðugleika og hóflegar launahækkanir á meðan ríkisstjórnin hamist á velferðarkerfinu, eins og hann orðaði það í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær.

Gylfi sagði að lágtekjufólki stæði engin aðstoð til boða í húsnæðismálum og mikið vanti upp á öryggi í heilbrigðismálum. Hann sagði launþega finna fyrir mikilli misskiptingu í samfélaginu og að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi ekki bætt þar úr. **- skh**

Mótmælt á ný í Hong Kong:

## Þúsundir komu saman

**HONG KONG** Þúsundir kröfðust lýðræðisumbóta í Hon Kong í gær.

Voru þetta fyrstu stóru mótmæli ársinsnu en undir lok síðasta árs kom fólk ítrekað saman í borginni til mótmæla. Aðalkrafa fólks þá og nú er að haldnar verði lýðræðislegar kosningar í Hong Kong án afskipta stjórnvalda. **- kh**



Átakalínur verða til og skerpast hjá Framsókn:

# Grátandi kona og krafa um uppgjör

Illt er ástandið í Framsóknarflokki. Meðan flokksmaður til áratuga krefur formanninn, Sigmund Davíð Gunnlaugsson, um uppgjör innan flokks kvartar annar borgarfulltrúanna, Guðfinna J. Guðmundsdóttir sáran undan því sem hún kallar einelti. „Eftir 8 mánaða opinbert einelti þar sem fjölmiðlar skapa vettvang til að láta fólk sparka í mig, svívirða og ljúga upp á mig skoðanir og búa til einhverja allt aðra manneskju úr mér en ég er ætla ég að leyfa mér að gráta,“ skrifar borgarfulltrúinn Guðfinna J. Guðmundsdóttir.

Á sama tíma skrifar fyrrverandi bæjarfulltrúi Framsóknarflokks í bæjarstjórn Akureyrar: „Fram að næsta flokksþingi þarf afdráttarlausa yfirlýsingu frá formanni flokksins og varaformanni um fullkomna andstöðu við daður borgarfulltrúanna. Ef ekki munu flestir þeirra fáu sem reyna að verja málstað flokksins fara. Þar á meðal ég.“ Hér er alvara á ferð. Er flokkur forsætisráðherra í klofningshættu? Getur það flokksfólk, sem fylgt hefur flokknum í langan tíma, ekki sætti sig við það fólk sem nýgengið í flokkinn og hefur skapað að honum aðra ímynd en áður var?



**Sigurjón Magnús Egilsson**
sme@frettabladid.is

Engum sem fylgist með dylst að nýliðarnir í Framsóknarflokki, það er borgarfulltrúarnir, stugga við þeim sem fyrir eru. Jóhannes er ekki einn um ósættið. Jóhanna María Sigmundsdóttir þingkona, skrifar: „Það er ótrúlegt að þurfa dag eftir dag að hreinsa sig af ásökunum um stuðning við mismunun og öfgahópa.“

Ljóst er að formanns Framsóknarflokksins bíða verk og ákvarðanir. Mörgu flokksfólki líður illa. Hvaða stjórnandi sem er, hvort sem það er á vinnustað, í félagsstarfi eða hvar sem er, verður að bregðast við ef vanlíðan þeirra sem með honum starfa er þvílík að fólk grætur af vanlíðan. Guðfinna finnur til undan fólki eins og Jóhannesi og Jóhönnu Margréti. Téður Jóhannes skrifar: „Í dag hef ég í tvígang verið spurður þeirrar spurningar hvort ég sé rasisti. Ástæðurnar ekki vegna eigin orða eða gjörða heldur framganga borgarfulltrúa flokksins síðustu misseri. Rétt er að árétta á þessu stigi máls að ég er alls ekki rasisti, raunar þvert á móti. Forysta Framsóknarflokksins þarf hins vegar að sprengja þetta graftarkýli og þurrka gröftinn af. Rasismadaðurdrottningarnar í Reykjavík eiga ekkert erindi í þessum flokki. Svona þenkjandi fólk verður að víkja, þeim á ekki að vera vært á næsta flokksþingi.“ Hér er engin tæpitunga töluð. Hér er alvara á ferð. Og Jóhanna María: „… kannski var maður ekki að trúa því fyrst að maður þyrfti að bera af sér ásakanir um rasisma og hatur í garð einstaklinga. En þegar að málflutningur sem slíkur ætlaði að fara af stað aftur þá vissi maður að taka þyrfti í taumana strax.“

Guðfinna veltir fyrir sér hvaða fólk amist við henni: „… hvort sem það eru pólitískir andstæðingar eða fólk í sama flokki sem er að berjast um völd eða er á leið úr flokknum og vantar sínar 15 mínútur af frægð. Versta við eineltið er að sitja hjá og leyfa því að gerast.“

Boltinn er hjá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni formanni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ríkisstjórnin hlustar

Athygli þjóðarinnar er á þeim sem eiga að semja á vinnumarkaði. Helstu leikendur eru Gylfi Arnbjörnsson, Þorsteinn Víglundsson og Bjarni Benediktsson. Bjarni sagði á góðum stað um aðkomu ríkisstjórnarinnar: *„Hún hlustar eftir sjónarmiðum en henni verður ekki sagt fyrir verkum. Dyrnar standa áfram opnar. Við viljum eiga þetta samstarf. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum frá því að ríkisstjórnin var mynduð.“* Hann sagði ríkisstjórnina hafa sína sjálfstæðu efnahagsstefnu en taki ekki við skipunum frá aðilum vinnumarkaðarins. Skýrt og skorinort hjá fjármálaráðherranum. Bjarni hafði ástæðu til að tala ákveðið.



### Friðarhorfur eru slæmar

Þorsteinn Víglundsson hafði sent ráðherra tóninn: „Ríkisstjórnin hefur á sama tíma horfið alveg frá hefðbundnu þríhliða samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Samstarfið hefur verið við lýði undanfarna áratugi og lagði grunninn að þjóðarsáttinni á sínum tíma og þar hafa menn sammælst um ýmis almenn réttindi launafólks. Síðustu misseri hafa hins vegar einkennst af vaxandi átökum aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnar. Ekki hefur verið staðið við lækkun tryggingagjalds samhliða minnkandi atvinnuleysi, tekjustofn fæðingarorlofssjóðs hefur verið skertur, framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða og réttur til atvinnuleysisbóta.“



### Vont en það versnar

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, settist við lyklaborðið og skrifaði meðal annars: „… ríkisstjórninni hefur tekist með athöfnum sínum að gera allt það sem hún getur til þess að koma í veg fyrir að þeir aðilar á vinnumarkaði sem vildu efna til víðtæks samstarfs um nýja og breytta stefnu í efnahags-, skatta-, velferðar- og kjaramálum tækist að tryggja hér stöðugleika. Því hefur allt verið í uppnámi á vinnumarkaði og m.v. sýn Bjarna fer það bara versnandi.“ Ekki er bjart fram undan. Gylfi Arnbjörnsson sagði í Sprengisandi útilokað að ná þjóðarsátt um stöðugleika og hóflegar hækkanir meðan ríkisstjórnin hamist á velferðarkerfinu.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Að komast í núll

HJÁLPARSTARF



**Þórir Guðmundsson**
sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs Rauða krossins

**Ég hitti hetjur í síðustu viku.** Á fundi Alþjóða Rauða krossins í Genf voru saman komnir helstu ebólusérfræðingar heims, Rauða kross fólk sem unnið hefur sleitulaust gegn farsóttinni í tíu mánuði og ungur maður frá Líberíu sem fékk ebólu og lifði af.

Dauðasóttin hefur lagst á 22 þúsund manns og lagt nærri níu þúsund að velli. Vísitölur – fjöldi tilfella, dagar frá síðasta tilfelli á einstaka stöðum – benda í eina átt. Sjúkdómurinn er í mikilli rénun.

Fari allt á besta veg eru gífurleg uppbyggingarverkefni fram undan. Innviðir landanna þriggja, Gíneu, Líberíu og Síerra Leóne, hafa orðið fyrir miklu höggi. Þá þarf að endurreisa. Siðir og mannleg samskipti hafa komist í uppnám. Fólk þarf að læra á ný að snerting felur í sér hlýju en ekki smitleið.

Fyrir Rauða krossinum liggur að hlúa að sínum sjálfboðaliðum. Ungi maðurinn frá Líberíu var óvelkominn í sinn heimabæ þegar hann kom af spítalanum. Hann fékk inni hjá Rauða krossinum og hefur verið sjálfboðaliði í baráttunni gegn ebólu síðan. Hann og þúsundir annarra þurfa bæði áfallahjálp og aðstoð við að byggja upp líf sitt að nýju.

Í Síerra Leóne, þar sem Rauði krossinn á Íslandi hefur hjálpað ungmennum að koma undir sig fótunum, er litið til Íslendinga um stuðning við enduruppbyggingu. Þar eigum við vini og félaga sem þurfa á okkur að halda.

**➜ Innviðir landanna þriggja, Gíneu, Líberíu og Síerra Leóne, hafa orðið fyrir miklu höggi. Þá þarf að endurreisa. Siðir og mannleg samskipti hafa komist í uppnám. Fólk þarf að læra á ný að snerting felur í sér hlýju en ekki smitleið.**

Fyrst þarf samt að komast í núll – útrýma ebólu. Þó að tilfellum hafi fækkað sýkist fólk enn og deyr. Fækkun tilfella gæti tengst þurrkum sem nú eru á svæðinu. Rigningarnar koma í apríl. Enginn veit hvað gerist þá.

Ekki verður hægt að lýsa yfir sigri í baráttunni fyrr en ekkert ebólutilfelli hefur greinst í 42 daga. Þrotlaus vinna sjálfboðaliða og sérfræðinga heldur áfram á meðan. Enn er þörf á hetjum til þess að komast í núll.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Land, þjóð og tunga – 1500 kall

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Esjan er frænka mín. Ég held að fáir þekki mig betur en hún, enda hefur hún vakað yfir mér öll þessi ár. Og Snæfellsjökull: ég sit stundum á svölunum á fögrum sumarkvöldum og horfi á hann; við spjöllum saman um hitt og þetta sem okkur finnst ástæða til að nefna og hann fær mig alltaf til að brosa með einskærri fegurð sinni. Og Keilir – ég þekki hann líka; hann er fínn. Og Eyjafjallajökull – sífulli frændinn sem delerar í boðum – og Skjaldbreiður með sínar ævintýrlegu doppur og hún Herðubreið svo kátleg í laginu.

Öll þessi fjöll hafa tekið sér bólfestu í mér. Þau eru hluti af daglegu lífi mínu. Ég á þau og þau eiga mig. Við sem hérna búum höfum flest svona fjall inni í okkur.

**Þetta land átt þú**

Þetta kann að virka eins og orðagjálfur, hálfgerður orðarjómi með stílbragði: en þessar hugrenningar vakna samt þegar maður veltir fyrir sér áformum iðnaðarráðherra um náttúrupassa.

Samband okkar sem hér búum við íslenska náttúru er dálítið flókið, það er náið, það er alls ekki bara indælt og hugljúft; þetta hefur verið ströng sambúð, þótt ekki hafi hún verið löng, í okkur togast á ást og ótti, lotning og óbeit. Katla er engin vinkona. Öræfajökli hæfa ekki blíðleg og settleg orð: þarna blunda ógurleg öfl sem við vitum alltaf af. Og við vitum að jörðin undir fótum okkar er lífkerfi sem við getum ekki stýrt eða beislað, einungis lifað með og nýtt af varfærni og virðingu.

En sem sé, svona er þetta: Við sem búum hérna þurfum að hafa þá hugmynd – og þetta er eiginlega algjört grundvallaratriði sem jafnvel ráðherrar þurfa að hugsa út í – að við eigum þess kost að arka af stað, inn í landið, hvenær sem er og hvert sem er, algjörlega á eigin vegum, til að ganga í þúfunum, finna vindinn, leggjast í lyngbrekku, drekka af rennandi læk og graðga í sig aðalbláberjum; lesa blóm og lesa land: þramma um og þylja örefni eins og þeir frumbyggjar sem við Íslendingar erum í raun og veru; skunda á Þingvöll sem ætti að vera okkar Mekka og Jerúsalem: okkar helga jörð; og beinlínis helgispjöll að láta sér svo mikið sem til hugar koma að fara að rukka okkur um aðgang þar eða láta stöðumælaverði koma kjagandi móða og másandi á eftir okkur eins og styggum rollum til að krefja okkur um bréf einungis til að uppskera svarið: „Og mörg eru þau bréfin í Bláskógarheiðinni …“

Með öðrum orðum: Þetta land átt þú. Þetta land á þig. Eða með enn öðru orði sem ráðherrum Sjálfstæðisflokksins er jafn tamt í munni og þeim er það ótamt í hugsun: þetta snýst um frelsi.

**Land, þjóð og tunga**

Land þjóð og tunga? Já, það gera 1500 krónur, takk fyrir. Ráðherrann talar eins og náttúrupassinn sé eina úrræðið sem í boði sé til að vernda viðkvæma staði sem farnir eru að láta á sjá vegna ágangs. Vandséð er hvort hún trúir því sjálf að slíkt gjald muni renna óskert til náttúruverndar – hún væri þá nokkurn veginn ein um það; hér á landi fara eyrnamerkt gjöld aldrei óskert til lögbundinna verkefna. Látum það vera: ráðherrann hefur enn ekki komið með sannfærandi rök gegn gistináttagjaldi – eða ósannfærandi – og tal hennar um að sérstakt gjald á ferðamenn sem hingað koma brjóti í bága við Evróputilskipanir sýnir þá undarlegu þrælslund gagnvart slíkum tilskipunum sem andstæðingar aðildar að Evrópusambandinu sýna svo oft: hver segir að ekki megi fá undanþágu í svo mikilvægu máli?

Því þetta er mikilvægt mál. Það er mikilvægt að hugarfarsbreyting verði hér gagnvart fjölsóttum ferðamannastöðum og vitund um að ekki gangi lengur að láta þetta darka svona heldur þarf bæði að setja fé úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og skattleggja þá sem græða á túrismanum í þessu skyni. Það er skynsamlegra þannig og það er líka sanngjarnara þannig. Landverðir hafa þann starfa að sjá til þess að fólk gangi sómasamlega um en ráðherrann vill að þeir fari frekar að eyða tíma sínum í að elta fólk og krefja um passa.

Og svo er það hitt, sem kannski er erfiðara að færa í orð. Þetta að vera Íslendingur: Land, þjóð og tunga, og það allt: þetta er alltaf að verða óljósara í breyttum heimi, vitaskuld. Börnin hangandi í enskumælandi tölvum heilu og hálfu dagana – og við svo sem líka – allt þetta efni héðan og þaðan sem er daglegur veruleiki okkar allra í alþjóðavæddum heimi undir sívökulu auga snargalinna bandarískra njósnastofnana. Og alls konar fólk sem hingað kemur og bætist við þjóðarmengið og auðgar menninguna, gerist Íslendingar, fer að basla með sín Sumarhús; og kannski var íslensk menning í upphafi ekki bara landnemamenning heldur líka fjölmenning – en kannski fyrst og fremst endalaust basl.

Og þras. Það sem við nennum að þrasa hér og við lifum okkur mikið inn í það hversu ólík við séum, hér búi tvær þjóðir sem ekkert eigi vantalað hvor við aðra. Þegar æðstu ráðamenn tala um að nú sé kominn tími til að sættast gera þeir það á ögrandi og umfram allt sundrandi hátt, því að sáttin skal alltaf að snúast um þeirra vilja, þeirra hugmyndir, þeirra sýn. Og við förum nýjan þrashring. En við eigum samt þessi fjöll og alla þessa undursamlegu og ógnarfögru fossa. Við eigum þetta: hugmyndina um fossana og okkur; hugmyndina um landið okkar og okkur sjálf í landinu, þetta er eitthvert hugarástand sem má aldrei hrófla við. Þetta er heilagt. Eigi maður að greiða sérstakt gjald fyrir að ganga um landið segir það sig sjálft að þar með finnst manni ekki lengur að þetta sé sitt land, heldur tilheyri það einhverjum öðrum. Og þá náttúrlega fer maður bara þangað sem veðrið er gott og fólkið brosmilt.

> Það er mikilvægt að hugarfarsbreyting verði hér gagnvart fjölsóttum ferðamannastöðum og vitund um að ekki gangi lengur að láta þetta darka svona heldur þarf bæði að setja fé úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og skattleggja þá sem græða á túrismanum í þessu skyni. Það er skynsamlegra þannig og það er líka sanngjarnara þannig. Landverðir hafa þann starfa að sjá til þess að fólk gangi sómasamlega um en ráðherrann vill að þeir fari frekar að eyða tíma sínum í að elta fólk og krefja um passa.“





## MERKISATBURÐIR

**1626** Karl 1. er krýndur Englandskonungur.

**1709** Alexander Selkirk var bjargað af eyðieyju, björgun sem síðar varð grunnurinn að bókinni Róbinson Krúsó eftir Daniel Defoe.

**1878** Grikkir lýsa yfir stríði á hendur Tyrkjum.

**1883** Sex manns farast þegar snjóflóð fellur á bæinn Stekk í Njarðvík við Borgarfjörð eystri.

**1906** Páfi mótmælir heilshugar aðskilnaði ríkis og kirkju.

**1932** Mafíuforinginn Al Capone fangelsaður.

**1935** Lygamælirinn er prófaður í fyrsta skipti af Leonard Keeler.

**1979 Sid Vicious dó af of stórum skammti af heróíni.**

**1982** David Letterman byrjar með sjónvarpsþáttinn Late Night with David Letterman á NBC-sjónvarpsstöðinni.

**1983** Alþingi samþykkir með 29 atkvæðum gegn 28 að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins.

**1988** Hjarta og lungu grædd í Halldór Halldórsson, fyrstan Íslendinga.

**1990** Þjóðarsátt undirrituð.

**1990** F.W. de Klerk, forseti Suður-Afríku, lofaði að láta Nelson Mandela lausan.

**1989** Síðustu hersveitir Sovétmanna yfirgefa Afganistan og binda þannig enda á níu ára styrjöld milli landanna.




†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,

**ÓSKAR INDRIÐASON**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 27. janúar. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 3. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á góðgerðarfélög.

**Margrét Erla Guðmundsdóttir Örvar Daði Marinósson**
**Marlyn Herdís Mellk**
**Eva Ósk Kristjánsdóttir**
**Kristján Indriði Kristjánsson**
**Kristófer Atli Ólafsson**
**Tinna Líf Ólafsdóttir**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁRNÝ HREFNA ÁRNADÓTTIR**
**Markarflöt 23, Garðabæ,**
**áður Lindarflöt 13,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 27. janúar. Útför hennar verður frá Vídalínskirkju í Garðabæ 6. febrúar kl. 11.

**Ásdís Elín Guðmundsdóttir Claus H. Magnússon**
**Anna Guðmundsdóttir Árni S. Unnsteinsson**
**Sigurður Karl, Hrefna Freyja, Árni, Ásthildur Embla,**
**Oddrún Lára, Karl, Dóra Magnea og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORVALDUR JÓN MATTHÍASSON**
**Laugarnesvegi 87,**

lést föstudaginn 23. janúar á Landspítalanum. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

**Svava S. Ásgeirsdóttir**
**Ásgerður Þórisdóttir Kristinn Sigmundsson**
**Esther Þorvaldsdóttir Guðjón Kristleifsson**
**Matthías G. Þorvaldsson Ljósbrá Baldursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**ÞETTA GERÐIST** 2. FEBRÚAR 1959

# Buddy Holly syngur sitt síðasta lag



Bandaríski tónlistarmaðurinn Buddy Holly kom fram í síðasta sinn fyrir áheyrendur þennan febrúardag fyrir hálfri öld.

Buddy var á hljómleikaferðalagi með Dion and the Belmonts, Ritchie Valens og J.P. „Big Bopper" Richardson þegar listamennirnir stigu á svið í Clear Lake í Iowa-ríki að kvöldi 2. febrúar. Eftir tónleikana ákvað Buddy að taka flugvél til Fargo í Norður-Dakóta þaðan sem hann ætlaði til tónleikahalds í Minnesota. Big Bopper fékk far í fjögurra sæta vélinni, ásamt Ritchie Valens, sem hafði kastað upp smápeningi um flugsætið við hljóðfæraleikara úr hljómsveit Buddys. Um miðnætti fór flugvélin í loftið í snjóbyl og hrapaði skömmu síðar. Flakið fannst fáeinum klukkustundum seinna um þrettán kílómetra frá flugvellinum. Buddy, Ritchie og Big Bopper létust samstundist, ásamt flugmanninum, en þessi örlagaríki dagur hefur síðan verið kallaður „dagurinn sem tónlistin dó".

Buddy Holly var jarðsettur 7. febrúar 1959. Eiginkona hans var ekki við útförina, en hún var orðin ekkja aðeins sex mánuðum eftir hjónaband þeirra og missti fóstur við tíðindin.

Þótt ferill Buddy Holly hafi aðeins varað í hálft annað ár hafa áhrif hans á þróun rokktónlistar verið skráð í sögubækurnar og lög hans flutt af öðrum listamönnum, svo sem Bítlunum og Rolling Stones.

Árið 2004 valdi Rolling Stone-tímaritið Buddy Holly í 13. sæti lista yfir hundrað merkustu listamenn sögunnar.



**ÓLAFUR OG ÓLÖF** Hafa gaman af því að halda námskeiðin sem opin eru öllum eldri en sautján ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Það er gefandi að sjá nemendur blómstra

Ólöf Sverrisdóttir og Ólafur Guðmundsson halda leiklistarnámskeið fyrir fullorðna.

„Þetta er leiklist með sjálfstyrkingar ívafi, alls konar æfingar sem eru leiklistaræfingar og eru til þess gerðar að opna fyrir sköpunarflæðið og sköpunarkraftinn hjá fólki," segir Ólöf Sverrisdóttir leikkona, sem ásamt Ólafi Guðmundssyni leikara hefur staðið fyrir leiklistarnámskeiðum fyrir fullorðna síðan árið 2008.

Námskeiðið er ekki einungis ætlað þeim sem hyggja á frekara leiklistarnám heldur ekki síður þeim sem vilja losa um hömlur, skemmta sér og fá útrás fyrir sköpunarkraftinn. „Það er alltaf eitthvað af ungu fólki sem jafnvel ætlar sér að fara í leiklistarskóla og er að sækja um erlendis eða hér heima og svo er þetta bara fólk á öllum aldri."

Námskeiðið er opið öllum þeim sem eru eldri en sautján ára en Ólöf segir að þeim Ólafi hafi fundist vanta leiklistarnámskeið fyrir fólk á fullorðinsaldri. „Áður en ég fór sjálf í leiklistarskólann var Helgi Skúlason alltaf með svona námskeið, þá var ég í háskólanum og fór á svona námskeið hjá honum, þá var þetta fólk á öllum aldri og öllum fannst svo gaman," segir hún og bætir við: „Þá hugsaði ég: Já, þetta er eitthvað sem vantar. Þegar ég byrjaði með námskeiðin þá var ekkert svona í gangi þannig að maður fann það alveg að það var akkúrat þörf á þessu." En fólk á öllum aldri hefur skráð sig á námskeiði. „Það er ein sjötug sem er að byrja núna og alveg niður í tuttugu og tveggja ára. Þannig að þetta er víður aldur."

Hún segir leiklistina til margs nýtilega, meðal annars til þess að hjálpa fólki að takast á við feimni og þau Ólafur sjái nemendurna lifna við fyrir framan sig. „Við erum voða ánægð með okkur og það sem gefur okkur mest er að sjá fólkið blómstra fyrir framan augunum á okkur. Maður sér bara með hverjum tímanum að fólk er að koma út úr skelinni og verða flottara, sterkara og slakara," segir hún glöð í bragði og bætir við að það sé aðalástæðan fyrir því að hún hafi svo mikla ánægju af að halda námskeiðin.

> **Manni finnst maður bara hafa eitthvað að gefa. Þetta er ekki bara leiklistarnámskeið, þó að það sé gaman og gefi helling þá er þetta fyrir hvern sem er, þá sem eru jafnvel feimnir og þurfa á þessu að halda.**

„Manni finnst maður bara hafa eitthvað að gefa. Þetta er ekki bara leiklistarnámskeið, þó að það sé gaman og gefi helling þá er þetta fyrir hvern sem er, þá sem eru jafnvel feimnir og þurfa á þessu að halda."

Næsta námskeið hefst á morgun klukkan 20.15 í Engjateigi 1 og nánari upplýsingar um skráningu má nálgast á netfanginu iceolof@hotmail.com.

gydaloa@frettabladid.is



**TUNGLHIRSLA**
**Spænski hönnuðurinn Patricia Urquiola hefur hannað skemmtilega hirslu fyrir franska húsgagnamerkið Coedition. Skápurinn ber nafnið Luna eða tungl.**

GEZE



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður
fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.
JÁRN & GLER
Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

TUDOR RAFGEYMAR
Veldu öruggt start með nýjum TUDOR



SKORRI
TUDOR
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR
Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

# MEIRI KRAFTUR, ORKA OG EINBEITING



**FRÁBÆR ORKUGJAFI** Jamie Eason fitness-módel notar Amino Thrust.

**LEANBODY.IS KYNNIR** *Amino Thrust-fæðubótarefnið inniheldur grænt vatnslosandi te og náttúrulegt brennsluaukandi koffín, unnið úr grænum kaffibaunum. Amino Thrust gefur aukna orku úr amínósýrum og Citrullum Nitrate aukinn kraft og einbeitingu.*

Amino Thrust er frábær orkugjafi fyrir mig hvort sem það er fyrir æfingarnar eða í daglegu amstri með fjölskyldunni,“ segir Jamie Eason, fitness-módel.

„Ég fæ aukinn kraft og orku sem er nauðsynleg til að klára daginn. Svo er varan vatnslosandi og hjálpar mér að halda línunum með aukinni brennslu, hvort sem ég er á æfingu eða ekki. Svo skemmir ekki að bragðið er alveg einstaklega gott og duftið blandast auðveldlega í vatn.“

Þessi formúla gefur þann aukakraft sem þarf hvort sem þú ert á leiðinni á æfingu, í krefjandi vinnu, námi eða verkefnum.

**AMINO THRUST:**
- Gefur meiri orku og kraft með BCAA-amínósýrum
- Skerpir einbeitingu með náttúrulegu koffíni
- Minna af uppfyllingarefnum
- Engin fita, sykur eða aspartam
- Eykur brennslu
- Vatnlosandi grænt te
- Aðeins 5 hitaeiningar
- Aukið súrefnisflæði með Citrillum-nítrati
- Helmingi færri kaloríur og 50% minna af kolvetnum
- Watermelon- og Tropical Fruit-bragðtegundir

**AMINO THRUST STYÐUR:**
- Endurhleðslu vöðva
- Orku og úthald
- Aukið súrefnisflæði

**INNIHALDEFNI:**
- Vatnslosandi grænt te
- Súrefnisaukandi Citrillum-nítrat
- Grænar kaffibaunir
- BCAA-amínósýrur
- Beta-alanín

*Amino Thrust fæst í Hagkaupi, Iceland og á vefverslunninni www.leanbody.is.*




**SKERPIR EINBEITINGU** Amino Thrust-fæðubótarefnið inniheldur meðal annars náttúrulegt brennsluaukandi koffín og grænt vatnslosandi te.

Ný sending af glæsilegum hvíldarsófum og stólum frá JASON
Jason Milano
Vandaður fjölstillanlegur sófi á verði sem kemur á óvart



Lúxus hornsófi með þykku gæðaleðri.
Tvö rafstillanleg sæti, hlið við hlið ásamt stillanlegum höfuðpúðum.
Hægri eða vinstri tunga.
Litir: Ljóst leður, kaffibrúnt leður, svart leður - Stærð: Breidd 289 cm dýpt 220 cm
*3.5% lántökugjald
KORTER.IS
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429















**Í UPPÁHALDI** Inga Sól heldur mikið upp á tekkstóla sem hún fékk úr dánarbúi. MYND/GVA

# EKKI ALLT SEM SÝNIST

**HEIMILIÐ** *Vöru- og húsgagnahönnuðurinn Inga Sól Ingibjargardóttir blandar saman gömlu og nýju. Hún hannar húsgögn og nytjahluti út frá hugmyndinni ekki er allt sem sýnist. Efnisval, aðferðir eða notagildi kemur á óvart.*

Inga Sól Ingibjargardóttir keypti sér íbúð í byrjun sumars og hefur síðan verið að koma sér fyrir. Hún blandar saman gömlu og nýju og heldur sérstaklega mikið upp á rauða tekkstóla sem hún fékk úr dánarbúi. „Þeir eru frá miðri síðustu öld og eru að mínu mati alveg dásamlegir. Ekki spillir heldur fyrir hvað þeir eru þægilegir," segir Inga Sól.

Hún lærði í Danmörku og hafði gaman af því að sækja hina ýmsu nytjamarkaði, sem eru þar á hverju strái. Hún flutti eitt og annað með sér heim, þar á meðal tekkkommóðu og spegil sem hún heldur líka mikið upp á. „Svo er ég með gamlar IKEA-hillur frá fyrstu búskaparárum móður minnar í bland við nýrri hluti."

Inga Sól útskrifaðist árið 2012 og hefur frá upphafi lagt út af hugmyndinni ekki er allt sem sýnist. „Útskriftarverkefnið mitt var stóll sem getur líka verið borð. Þá hef ég gert ljós úr mjólkurfernum, hálsmen úr rennilásum, diskamottur úr dagblöðum og hitaplatta úr parketti. Hugmyndin er að vera alltaf með eitthvert tvist; ýmist hvað varðar efni, aðferðir eða notagildi."

Inga Sól lætur framleiða allt hér á landi. Vörurnar fást í Kraumi, Leynibúðinni og eru væntanlegar í Epal. „Þá mun ég frumsýna glænýja vöru á samsýningu í Epal í tengslum við Hönnunarmars 12.-15. mars. Ég vil ekkert gefa upp um hana strax en hún er unnin út frá sömu hugmyndafræði og hinar."

*Nánar á ingasoldesign.com*



**HITAPLATTAR, SKRAUT OG ÞRAUT** Hitaplattarnir eru búnir til úr parketi. Þeir eru ýmist úr eik eða hnotu. Það er hægt að setja þá saman á ýmsa vegu og smá gestaþraut að finna út úr því. Þeir sóma sér vel sem skraut þegar þeir eru ekki í notkun.



**BORÐ OG STÓLL** Askur var útskriftarverkefni Ingu Sólar.



**HÁLSMEN ÚR RENNILÁSUM** Efniviðurinn í þetta hálsmen kemur úr óvæntri átt.



**FERNUR Í NÝJU LJÓSI** Ljósin eru gerð úr mjólkurfernum.

**heimili** fasteignasala – á traustum grunni



**Bogi Pétursson** lögg.fasteignasali
**Finnbogi Hilmarsson** lögg. fasteignasali
**Karen Sævarsdóttir** MBA markaðsfræði
**Stefán Már Stefánsson** sölufulltrúi
**Guðbjörg G. Blöndal** lögg. fasteignasali
**Ásdís Írena Sigurðardóttir** skjalagerð
**Brynjólfur Snorrason** sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

**530 6500** | **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** | **530 6500**



**Allir þurfa þak yfir höfuðið**

**588 4477**

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



*Bárður Tryggvason* – Eigandi, Sölufulltrúi – 896 5221
*Ingólfur Geir Gissurarson* – Eigandi, Framkvæmdastjóri, Lögg.fasteignasali – 896 5222
*Heiðar Friðjónsson* – Sölustjóri, Löggiltur fasteignasali B.Sc – 693 3356
*Vilborg Gunnarsdóttir* – Viðskiptafræðingur M.Sc, Lögg.fasteignasali – 891 8660
*Erlendur Davíðsson* – Lögg. fasteignasali, Forstöðumaður útibús Ólafsvík – 897 0199
*Margrét Sigurgeirsdóttir* – Skrifstofustjóri, margret@valholl.is – 588 4477
*Eiríkur Þór Björnsson* – Sölufulltrúi – 846 8487
*Pétur Steinar Jóhannsson* – Sölufulltrúi, Snæfellsnes – 893 4718
*Garðar Kjartansson* – Sölufulltrúi – 853 9779
*Ellert Róbertsson* – Sölufulltrúi – 893 4477
*Þórunn Pálsdóttir* – Verkfræðingur MBA, Sölufulltrúi – 773 6000
*G. Andri Guðlaugsson* – Lögfræðingur, Sölufulltrúi – 662 2705

FÉLAG FASTEIGNASALA

**VALHÖLL FASTEIGNASALA**

20 ára VALHÖLL FASTEIGNASALA 1995 - 2015

**www.valholl.is · www.nybyggingar.is**


# Fallegt einbýli á sjávarlóð

**Eignamiðlun kynnir einstaklega vel staðsett 585 fermetra einbýlishús á fjórtán hundruð fermetra sjávarlóð við Mávanes. Húsið er á einum allra besta staðnum á sunnanverðu Arnarnesinu.**



**Við Mávanes á Arnarnesi stendur þetta fallega einbýlishús.**

Sjávarmegin í húsinu eru stórir gluggar og einstakt útsýni beint niður í fjöru og yfir fjörðinn til Álftaness, Bessastaða og út flóann. Borðstofan er steinlögð en sama gólfefnið flæðir út á verönd sjávarmegin og inn í lokaðan garð í miðju húsi en þar er heitur pottur. Húsið er teiknað af Guðmundi Kr. Kristinssyni.

Húsið er skráð 582 fm, 260 fm eru skráðir á hæð og 260 í kjallara. Bílskúr er skráður 62 fm.

Stofur eru stórar með frábæru útsýni. Í húsinu eru tvö baðherbergi og auk þess gestasnyrting. Svefnherbergi eru í dag fimm eftir að fjögur barnaherbergi hafa verið sameinuð í tvö. Hjónasvíta skiptist í baðherbergi, fataherbergi, svefnherbergi og lítið herbergi fyrir framan svefnherbergið, allt í einni einingu. Kjallarinn er gluggalaus en að mestu með góðri lofthæð. Þar er búr beint undir eldhúsi, sauna með góðri setustofu, herbergi með pool-borði og borðtennisborði. Þá eru í kjallaranum stórar geymslur, meðal annars ein með miklum bókahillum.

***Allar nánari upplýsingar um eignina gefa Hilmar og Sverrir hjá Eignamiðlun í síma 588-9090 eða eignamidlun@eignamidlun.is. Utan opnunartíma er Hilmar Þór í síma 824-9098, hilmar@eignamidlun.is og Sverrir í síma 861-8514.***


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



**Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Heiðargerði 15 - 108 Reykjavík




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Fallegt raðhús á tveimur hæðum, með bílskúr, við Heiðargerði 15 í Reykjavík. Á jarðhæð er forstofa, gangur, eldhús með borðkrók, þvottahús, salerni og stofa. Á 2. hæð er hol, hjónaherbergi, tvö samliggjandi barnaherbergi, baðherbergi og sólstofa. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð. **V. 48,9 m.**

## Laxatunga 96 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús þriðjudaginn 3. febrúar frá kl. 17:00 til 17:30**

Mjög glæsilegt 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr við Laxatungu 96. Eignin skiptist í: Neðri hæð: Forstofa, gestasnyrting, geymsla, eldhús, stofa, borðstofa og bílskúr. Efri hæð: Þrjú svefnherbergi, hol, baðherbergi, þvottahús og yfirbyggðar svalir. Flottar innréttingar og gólfefni. Munstursteypt bílaplan og afgirtur garður með verönd og heitum potti í suður. **V. 44,9 m.**

## Gerðhamrar 14 - 112 Reykjavík




**Opið hús í miðvikudaginn 4. febrúar frá kl. 17:00 til 17:30**

Mjög glæsileg og mikið endurnýjuð 183 m2 efri sérhæð með innbyggðum bílskúr við Gerðhamra 14 í Grafarvogi. Falleg afgirt lóð með verönd og heitum potti. Stórt steypt bílastæði og rúmgóðar svalir með fallegu útsýni. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 54,9 m.**

## Álfholt 12 -220 Hafnarfjörður



98,4 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Álfholt 12 í Hafnarfirði. Íbúðin þarfnast lagfæringar. Góð afgirt verönd. **V. 22,0 m**.

## Hátún 49 - 105 Reykjavík



Vel skipulögð 53,1 m2, 3ja herb. risíbúð í þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í tvö svefnherb., hol, baðherbergi, eldhús og stofu. Sameiginlegt þvottahús er í kjallara. **V. 23,5 m.**

## Háholt 4 -270 Mosfellsbær




61,2 m2 íbúð á jarðhæð með sér inngangi og verönd. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, forstofu, eldhús, stofu og geymslu innan íbúðar. Íbúðin þarfnast viðhalds og viðgerða. **V. 15,9 m.**

## Flugumýri 28 - 270 Mosfellsbær




Gott 275 m2 atvinnuhúsnæði. Um er að ræða vinnslusal með 2 stórum innkeyrsluhurðum og mikilli lofthæð. Gólfflötur er ca. 195 m2 og milliloft ca. 80,0 m2. **V. 35,0 m.**

## Miðleiti 1 - 103 Reykjavík




Rúmgóð 101,7 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í lokuðum bílakjallara. Sérgarður.Eignin er skráð 126,6 m2, þar af íbúð 101,7 m2 og bílskúr 24,9 m2(bílastæði í bílakjallara). **V. 38,7 m.**

## Hraunbær 44 - 110 Reykjavík




Falleg 112,6 m2, 5 herbergja íbúð á 2. hæð við Hraunbæ 44 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í fjögur svefnherbergi, hol, baðherbergi, eldhús og stofu. Sérgeymsla er í kjallara. **V. 26,9 m.**

## Garðsstaðir 47 - 112 Reykjavík




Einbýlishús með tveimur íbúðum við Garðsstaði 47. Fasteignin skiptist í 191,3 m2 5 herbergja efri sérhæð með innbyggðum bílskúr og 96 m2 3-4ra herbergja neðri sérhæð í kjallara ásamt óinnréttuðu rými (sem er ekki í fermertrat. eignarinnar) og býður uppá mikla möguleika. Húsið stendur á flottum stað innst í botnlanga með miklu útsýni. **V. 79,6 m.**

## Gerplustræti 27- 270 Mosfellsbær




Ný og glæsileg 144,8 m2, 4-5 herbergja endaíbúð á efstu hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi. Vönduð tæki. Glæsilegar innréttingar og gólfefni.**V. 41,9 m.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.










**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

**Elías Haraldsson**
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is

**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Sölumaður
gisli@fastmark.is

**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is


## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Hólaberg 84 Rvk. - 2ja herbergja íbúð í nýlegu húsi fyrir eldri borgara.




Eignin verður til sýnis á morgun frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg 67,8 fm. íbúð á 1. hæð auk 7,0 fm. yfirbyggðra suðursvala í vönduðu og nýlegu húsi fyrir eldri borgara. Björt og rúmgóð stofa, opið eldhús með eikarinnréttingum og rúmgott svefnherbergi. Sér stæði í bílageymslu í kjallara og lyfta er í húsinu. **Innangengt í tengibyggingu við Gerðuberg þar sem íbúar í húsinu geta fengið alla þá þjónustu er Gerðuberg hefur uppá að bjóða, svosem mötuneyti, bókasafn og félagsstarfsemi.**

**Verð 26,9 millj.**
**Íbúð merkt 0220.**
**Verið velkomin.**




## Sjávargrund 9b - Garðabæ.
### 5-6 herbergja íbúð með sérinngangi.



Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

5-6 herbergja íbúð með sérinngangi. Íbúðin er á tveimur hæðum með sér andyri á 1.hæð auk herbergis án glugga og geymslu í kjallara samtals að birtu flatarmáli 170,9 fm. Auk þess fylgir bílastæði í bílakjallara 20,5 fm. Birt stærð heildareignarinnar er 191,4 fm. Opið eldhús með nýlegri innréttingu. Rúmgóð stofa með góðri lofthæð og útgangi á svalir til suðurs. 4 herbergi. Hringstigi af svölum niður í aflokaðan húsagarð.

Verið velkomin.

**Verð 44,0 millj.**

### Sóltún. 4ra – 5 herbergja íbúð á efstu hæð



Mjög góð 141,9 fm. 4ra - 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum, 8. hæð og ris, að meðtaldri 8,5 fm. sér geymslu í kjallara. Íbúðinni fylgir sér stæði í bílageymslu. Samliggjandi setu- og borðstofa. Svalir til austurs. Eldhús er hálfopið í stofu með vönduðum innréttingum. Þrjú herbergi. Innbyggð ljós eru í loftum neðri hæðar. Þrefalt gler er í öllum gluggum, sem eru álgluggar. Húsið er klætt að utan með lituðu áli.

**Verð 54,9 millj.**

## Glæsilegt endaraðhús í 107

Mjög glæsilegt, vel skipulagt og mikið endurnýjað 185,8 fm. endaraðhús á stórri lóð með góðri og rúmri aðkomu.

Eignin skiptist m.a. í stórar rúmgóðar stofur, stórt nýtt eldhús, sjónvarpsstofu og fjögur herbergi.

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

### Einbýlishús á bökkum Ytri – Rangá- Frábær staðsetning



Afar vel staðsett 246,6 fm. einbýlishús á einni hæð við Þrúðvang á Hellu að meðtöldum 53,2 fm. bílskúr. Húsið er allt endurnýjað að innan sem utan. Rúmgóð stofa með útgengi í sólstofu. Fjögur herbergi. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu. Lóðin er eignarlóð 1.000,0 fermetrar að stærð, ræktuð og frágengin með stórri viðarverönd. Hellulögn er fyrir framan bílskúr og hús. **Eignin stendur á 1.000,0 fermetra eignarlóð niður á árbakkanum við Ytri-Rangá. Ekki verður byggt meira á árbakkanum.**

### Brekkuás – Hafnarfirði. 2ja herbergja.



Vönduð 86,2 fm. íbúð, með sérinngangi af svölum, á 3. hæð við Brekkuás í Hafnarfirði. Stórar og skjólsælar svalir til suðurs útaf stofu. Lyfta er í húsinu. Allar innréttingar, gólfefni og innihurðir eru ljósar og úr eik. Quartz er á borðum innréttinga í eldhúsi og baðherbergi og eins í gluggakistum í íbúðinni. **Staðsetning eignarinnar er mjög góð við opið svæði og stutt er í fallegar gönguleiðir og útivistarsvæði.**

**Verð 26,9 millj.**

## SUMARHÚS



**SUMARHÚS Í SKORRADAL.**
Vandaður og vel byggður 59,9 fm. sumarbústaður ásamt 18,7 fm. gestahúsi með gufubaði á gróinni og vel staðsettri 4.225,0 fm. eignarlóð. Verönd er við bústaðinn á þrjá vegu og malarborin afmörkuð bílastæði. Eignaskipti koma til greina á íbúð á Stór Reykjavíkursvæðinu. **36,7 millj.**

## NÝBYGGING



**NÝHÖFN 2 - 4, SJÁLANDI GARÐABÆ.**
Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða nýju fjölbýli í Sjálandinu við smábátahöfnina. Sjávarútsýni er frá stofum og eldhúsum í öllum íbúðum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

## 2JA HERBERGJA




2013 Nissan Leaf SV Kr. 3.595.000 vel búinn bíll á álfelgum með hraðhleðsluporti eins og nýr ekinn 8700m
2013 Nissan Leaf SL Kr. 3.795.000 Flottasta týpan af Nissan Leaf, leðurinnrétting, hraðhleðsla. Ekinn 5290m
2012 Nissan Leaf SL Kr. 3.495.000 Vel með farinn notaður. Vetrar+Sumardekk. Íslensk Ábyrgð. Ekinn 16þ.km.

**Fyrstur kemur fyrstur fær. Skráðu þig hér: www.islandus.is/bilaleit**

**“Þjónustan var frábær og bíllinn alveg meiriháttar”**



Friðrik Kjartansson
Egilsstöðum

**Sparaðu 2 milljónir! - 100% fjármögnun og Íslensk ábyrgð í boði.**

**islandus.is**

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000


Flóttamannafjölskyldur eiga skilið að finna fyrir öryggi eftir að myrkrið skellur á
© Inter IKEA Systems B.V. 2015
UNHCR
The UN Refugee Agency
LEDARE
LED
400 lm
E27
Fyrir hverja LED ljósaperu sem þú kaupir, gefur IKEA Foundation eina evru til að auka lífsgæði íbúa flóttamannabúða
1. febrúar - 28. mars
UNHCR
The UN Refugee Agency
IKEA Foundation
IKEA
Lestu meira á www.IKEA.is/ledherferdin

LAUGARÁS BÍÓ
Coca-Cola



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON 2D | 6 | L |
| MORTDECAI | 8, 10:15 | 12 |
| PADDINGTON ISL TAL | 6 | L |
| BLACKHAT | 8 | 16 |
| TAKEN 3 | 10:35 | 16 |
| HOBBIT 3 3D (48R) | 6, 9 | 12 |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 3D | KL. 6:20 |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKTTAL 2D | KL. 5:50 - 8 |
| WILD CARD | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| WILD CARD VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE IMITATION GAME | KL. 9 |
| SEARCH PARTY | KL. 8 - 10:10 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:10 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKTTAL 2D | KL. 6 - 8 - 10:10 |
| WILD CARD | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| WILD CARD | KL. 10:30 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:10 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 6:15 - 9 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| WILD CARD | KL. 8 - 10:10 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKTTAL 2D | KL. 5:50 |
| WILD CARD | KL. 8 - 10:10 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 |
| SEARCH PARTY | KL. 10:10 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ





SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON 3D | KL. 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |
| SVAMPUR SVEINSSON 2D | KL. 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |
| MORTDECAI | KL. 8 | 12 |
| MORTDECAI LÚXUS | KL. 10.25 | 12 |
| THE WEDDING RINGER | KL. 8 - 10.25 | 12 |
| BLACKHAT | KL. 10.25 | 16 |
| TAKEN 3 | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| TAKEN 3 LÚXUS | KL. 8 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL. 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL. 5 | 12 |
| PADDINGTON ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5.45 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MR. TURNER | KL. 5.45 - 9 | 10 |
| THE WEDDING RINGER | KL. 8 | 12 |
| TAKEN 3 | KL. 10.20 | 16 |
| PADDINGTON ÍSL TAL | KL. 5.30 | L |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL. 6 - 8 ÍSL .TEXTI | L |
| BÉLIER FJÖLSKYLDAN | KL. 8 - 10 ENSK .TEXTI | L |
| LYKTIN AF OKKUR | KL. 10 ENSK .TEXTI | 16 |
| LULU NAKIN | KL. 6 ENSK .TEXTI | L |




## Myndskeið af Bítlunum

Þriggja og hálfrar mínútu langt myndskeið af Bítlunum frá árinu 1963 ásamt um hundrað ljósmyndum verða boðnar upp þann fimmta febrúar næstkomandi í Surrey, Englandi.

Myndskeiðið, sem er án hljóðs, er talið eitt það elsta af bandinu í lit en á því má sjá félagana baksviðs fyrir tónleika í ABC Theater í Blackpool á Englandi og einnig á sviði.

Myndskeiðið og höfundarréttur þess verður seldur hæstbjóðanda á uppboði ásamt yfir hundrað ljósmyndum sem teknar voru af hljómsveitinni árið 1965 af Eve Bowen þegar hljómsveitin ferðaðist um Bandaríkin.

## Ritzenhoff raunir

**BAKÞANKAR**
Berglindar Pétursdóttur



Það hefur verið sagt um mig (mamma segir um mig) að það sé ómögulegt að gefa mér gjafir, ég er stundum með fjólublátt hár, er ekki eins og fólk er flest og svo framvegis. Þar af leiðandi fæ ég mjög mikið af gjafakortum í gjafir og svo eru náttúrulega hinar klassísku „gjafir fyrir þann sem á allt“. Í þeim flokki eru hlutir eins og rándýr kerti, fyndnir grínhlutir sem enginn hefur þörf fyrir, íslensk hönnun og geitur, vatnsbrunnar og skólaganga fyrir fátæka í öðrum heimsálfum. Um nýliðin jól brá móðir mín hins vegar á það ráð að gefa mér 20 stykki af forláta Ritzenhoff-bjórglösum.

**ÞEGAR** ég opnaði gjöfina hvíslaði mamma varlega, „þú átt nú ekki eftir að verða ánægð með þetta“. Ég var búin að segja henni af hrakförum vinkvenna minna á sölusíðum á internetinu, þar sem þær sitja sveittar við að reyna að selja Ritzenhoff-glös til að geta keypt sér Iittala-stjaka (sem eitt sinn þóttu jafn ósmart og Ritzenhoffið þykir í dag, ótrúlegt). Fróður maður sagði mér nefnilega að þegar fólk sér Ritzenhoff í hillunum heima hjá þér gengur það að því vísu að þú sért forfallinn Ritzenhoff-safnari og gefur þér Ritzenhoff við öll tækifæri, afmæli, jól, brúðkaupsafmæli, edrúafmæli, nefndu það. Ritzið hrannast upp í skápunum og safnar ryki.

**NEMA** hvað, þarna erum við saman komin á aðfangadagskvöldi. Ég er strax farin að leita leiða til að losna við glösin. Ég stari á þau, spegla mig í myndskreyttu glerinu og kem ekki upp orði því ég er svo þakklát fyrir uppþvottavélina sem mamma gaf mér í innflutningsgjöf og átti að koma í stað fyrir jólagjöf. Hvernig á ég að koma þessu fyrir í íbúðinni, svo enginn sjái?

**ÞEGAR** hér er komið við sögu kveður pabbi sér hljóðs og kemur mér til bjargar. „Nei heyrðu, eru þetta ekki glösin sem ég fékk í fertugsafmælisgjöf?“

**MÁLIÐ** dautt, pabbi á glösin, get ekki tekið við þeim. Mamma má nú samt eiga það að þetta er frumleg leið til að losa sig við varning eins og þennan.

**TAKK** pabbi.

# Tekur þátt í alþjóðlegri búningakeppni í Svíþjóð

Aino Karinen bar sigur úr bítum í Cosplay-keppni á Japanshátíð í Háskóla Íslands seinastliðinn laugardag.

Japanshátíð Háskóla Íslands var haldin í ellefta sinn á Háskólatorgi síðastliðinn laugardag. Hátíðin er skipulögð af nemendum japönskudeildar Háskóla Íslands og undirbúningur er í höndum nemenda en þeir njóta jafnframt stuðnings frá japanska sendiráðinu og Japönum búsettum á Íslandi.

Hluti hátíðarinnar er svokölluð Cosplay-búningakeppni sem haldin var í þriðja sinn á þessu ári. Cosplay-keppnin hefur farið stigvaxandi og í ár er hún komin á alþjóðlegan keppnisstaðal og fyrstu verðlaun voru ferð á alþjóðlegu Cosplay-keppnina The Nordic Cosplay Championship sem fer fram í Svíþjóð næsta sumar.

Aino Karinen sigraði keppnina á laugardaginn og heldur því út til Svíþjóðar í sumar og keppir fyrir Íslands hönd. Aino er að vonum spennt að fara út að keppa og hefur mestar áhyggjur af því að það verði of heitt.

„Ég var í Svíþjóð sumar og þá var þrjátíu og fimm stiga hiti, það er mjög erfitt að vera í búningum þegar það er svona heitt,“ segir hún en síðastliðið sumar var hún viðstödd keppnina þar sem kærasti hennar tók þátt.

„Það var fólk þar sem var í brynju og ég bara veit ekki hvernig þau fóru að því. Fólk er mjög ákveðið,“ segir hún og hlær.

„Þetta er í annað skipti sem ég tek þátt í Cosplay-keppni. Það eru

> **Þetta er í annað skipti sem ég tek þátt í Cosplay-keppni. Það eru tvö ár síðan ég tók þátt í fyrsta sinn en þá vann ég ekki.**

tvö ár síðan ég tók þátt í fyrsta sinn en þá vann ég ekki,“ segir Aino og hlær.

Áhugi hennar á Cosplay kviknaði fyrir rúmum átta árum þegar hún aðstoðaði vinkonu sína við að sauma búning fyrir Cosplay-keppni sem hún var að fara að taka þátt í, en mikil áhersla er lögð á að sauma og búa til eigin búning og er eitt af þátttökuskilyrðum The Nordic Cosplay Championship að keppendur saumi og búi til alla hluta búninga sinna sjálfir og án aðstoðar.

Um þrjá mánuði tók að fullklára búninginn sem samanstendur af kjól og stóru útsaumuðu höfuðfati en Aino var klædd sem karakterinn Talas úr mangasögunni A bride's story sem teiknuð er af Kaoru Mori. „Það tók tvo mánuði að sauma hann og einn mánuð að sauma perlurnar í hattinn.“

Þrátt fyrir góðan árangur á laugardaginn er Aino ekki búin að ákveða hvort hún hyggi á að taka þátt í fleiri keppnum. „Ég er ekki alveg viss, við sjáum fyrst hvernig þetta fer í Svíþjóð,“ segir hún og hlær. gydaloa@frettabladid.is



**AINO** Klædd í sigurbúninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heimurinn notar um milljón poka á mínútu

Þórunn Björk Pálmadóttir stofnaði Fjölnota febrúar í von um vitundarvakningu í umhverfisvernd.

„Ætli áhuginn komi ekki frá ömmu minni, hún þvoði alltaf plastpokana sína og notaði þá aftur og aftur,“ segir Þórunn Björk Pálmadóttir, bloggari á Græna froskinum og skipuleggjandi Fjölnota febrúar.

Hún hvetur Íslendinga til að vera meðvitaðri um umbúðanotkun og umhverfisvernd í febrúar. „Hugmyndin kom eftir að ég las að í einni mínútu er notuð um ein milljón plastpoka í heiminum, og meðalnotkunartími er tuttugu mínútur áður en honum er hent,“ segir hún.

Markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar. „Ég er ekki að koma af stað byltingu heldur að fá fólk til að pæla aðeins í magninu af umbúðum sem við notum og hvað við getum gert til að draga úr því. Vonandi skila þessar kröfur okkar sér síðan til fyrirtækja,“ segir Þórunn.

Á Facebook-síðunni Fjölnota febrúar skiptist fólk á góðum ráðum. „Besta ráðið er frá konu sem fannst hún ber ef hún tók ekki fjölnotapoka í búðina, og ekki ferðu ber í búðina,“ segir hún og hlær. Þórunn segir að Íslendingar þurfi að herða sig í því að flokka og endurvinna. „Við vitum þetta öll og kunnum þetta. Okkur finnst hálf hallærislegt að þvo plastpoka og nota aftur, en það er það alls ekki.“ - asi



**EKKI FARA BER Í BÚÐINA** Þórunn vonast til þess að vekja Íslendinga til umhugsunar í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ekki keypt hveiti né sykur í tvö ár

## Hafdís Priscilla Magnúsdóttir tilnefnd til Gourmand-verðlaunanna fyrir Dísukökur

„Þetta er mikill heiður og bókin keppir í sama flokki í Kína í sumar," segir Hafdís Priscilla Magnúsdóttir, en bók hennar, Dísukökur hlaut tilnefningu til Gourmand-verðlaunanna fyrir Íslands hönd í flokknum sætindi og eftirréttir.

Gourmand-verðlaunin eru alþjóðleg bókaverðlaun á sviði matar- og vínbóka.

Í bók Hafdísar má finna uppskriftir að kökum og eftirréttum án sykurs og hveitis en Hafdís hefur að mestu sneitt hjá þessum vörum síðastliðin tvö ár. „Þetta byrjaði sem áhugamál fyrir tveimur árum og vatt upp á sig. Ég fór að blogga og birta uppskriftir, svo var haft samband við mig og mér boðið að gera bók. Maður segir ekki nei við svoleiðis tækifæri," segir Hafdís glöð í bragði.

Hún segir þó að hún leyfi sér stundum sykruð sætindi. „Maður leyfir sér stundum en það hefur ekki verið keypt hveiti eða sykur inn á mitt heimili í tvö ár."

Hafdís hefur ekki setið auðum höndum eftir útgáfu bókarinnar og hefur gefið út tvær rafbækur á síðustu mánuðum. „Ég er rosalega mikið að gefa út rafbækur sjálf og fólk er hrifið af því. Ég gaf Sykurlaus jól út í desember og svo eina núna í janúar." Bækurnar gefur hún út á netinu og sér um uppsetningu og umbrot sjálf. „Það er ekki alveg eins mikil vinna að gefa út rafbók og fólk getur keypt þetta á hagstæðara verði."

- gló



**HAFDÍS** Segir mikinn heiður að vera tilnefnd til Gourmand-verðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SÚKKULAÐIKÖKUR** Glæsilegar og girnilegar súkkulaðikökur. MYND/HAFDÍSMAGNÚSDÓTTIR

## Súkkulaðikökur

Fljótleg og girnileg uppskrift úr bók Hafdísar, Dísukökum

3 dl möndlumjöl
2 msk. kókoshveiti
3 msk. sukrin gold
2 msk. rjómi eða möndlumjólk
2 msk. ósykrað kakó
1 egg
1 tsk. vínsteinslyftiduft
1 tsk. vanilludropar

Fyrst er þurrefnunum blandað saman og síðan hinu hráefninu bætt við. Blandið vel og gerið litlar kúlur sem settar eru á bökunarpappír. Bakað í ofni í 8-10 mínútur við 175 gráður.



**MEGHAN TRAINOR** Söngkonan tekur alla fjölskylduna með sér á Grammy-hátíðina.

## Fjölskyldan með á Grammy

Meghan Trainor ætlar að taka alla fjölskylduna með sér á Grammy-hátíðina 8. febrúar. Söngkonan, sem er 21 árs, er tilnefnd til tvennra Grammy-verðlauna.

Hún segir að pabbi sinn sé sérstaklega spenntur fyrir hátíðinni. „Ég tek alla fjölskylduna með og pabbi verður brosandi út að eyrum," sagði hún við tímaritið People. „Í fyrra horfði ég á Grammy heima og vonaði að einn góðan veðurdag yrði ég þarna líka og núna er ég tilnefnd til tvennra verðlauna."


BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA | FLUGFELAG.IS




KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT
fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.350 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

FERÐATÍMABILIÐ ER FRÁ 3.–28. FEBRÚAR
BÓKANLEGT FRÁ 1.–28. FEBRÚAR 2015

Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD
- gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Egilsstaða
- gildir ekki í tengiflug
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

islenska/sia.is FLU 72688 01/15

# SPORT

## Sigurbjörg með slitið krossband?

Sigurbjörg Jóhannsdóttir, leikstjórnandi toppliðs Fram í Olís-deild kvenna í handbolta, meiddist á hné í sigurleik í Eyjum um helgina og er óttast að krossbandið sé slitið. „Ég hef enn ekki fengið neitt staðfest. Ég var í uppstökki í gær (fyrradag) og það kom snúningur eða slinkur á hnéð og eitthvað gaf sig. Þarf svo bara að komast að hjá lækni og í myndatöku til að fá frekari staðfestingu á málunum,“ sagði Sigurbjörg í stuttu samtali við Fréttablaðið. Sigurbjörg hefur slitið krossband áður en það var á hægra hnénu árið 2009. Sigurbjörg hefur átt frábært tímabil með Fram og var kosin besti leikmaður deildarinnar í fyrri hlutanum. Hún hefur skorað 4,8 mörk að meðaltali og gefið ótal stoðsendingar. Það væri því mikið áfall fyrir Framliðið geti Sigurbjörg ekki spilað meira á tímabilinu.



## Hverjum mæta Stjörnumenn og Keflavíkurkonur í Höllinni?

**KÖRFUBOLTI** Undanúrslitum Poweradebikarsins lýkur í kvöld. Karlalið Stjörnunnar og kvennalið Keflavíkur hafa þegar tryggt sér sæti í bikarúrslitaleiknum í Höllinni. Það bíða margir spenntir eftir leik KR og Tindastóls í DHL-höllinni klukkan 19.15 í kvöld enda á ferðinni tvö efstu lið Dominos-deildar karla og jafnframt stutt síðan Stólarnir urðu fyrstir til að vinna KR-inga í vetur. Sá leikur fór fram í Síkinu á Sauðárkróki fyrir ellefu dögum þar sem Tindastólsmenn hafa unnið alla leiki sína í vetur en liðin mætast nú þar sem KR-liðið reddaði sér í framlengingu í fyrri deildarleik liðanna. Leikurinn á Króknum var eini leikurinn sem Brynjar Þór Björnsson, fyrirliði KR, hefur misst af á tímabilinu og hefur því ólíkt liðsfélögum sínum ekki enn tapað leik í vetur. KR hafði leikið án annarra lykilleikmanna í vetur án þess að tapa leikjum.
Nágrannar Grindavíkur og Njarðvíkur mætast hjá konunum klukkan 19.15 í Grindavík. Sverrir Þór Sverrisson gerði Njarðvíkurkonur að bikarmeisturum fyrir þremur árum en að þessu sinni mun hann ásamt stelpunum sínum í Grindavík reynda að koma í veg fyrir að 1. deildarlið Njarðvíkurkvenna komist alla leið í Höllina.
Karlalið Stjörnunnar komst áfram eftir sigur í Borgarnesi í gær og kvennalið Keflavíkur sýndi styrk sinn með öðrum sigri sínum á toppliði Snæfells á fjórum dögum. **- óój**



**TAPLAUS Í VETUR** Brynjar Þór Björnsson í KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**AF STAÐ MEÐ STÆL** Theo Walcott er orðinn heill á ný og búinn að skora í tveimur leikjum í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ENSKA DEILDIN

**HULL - NEWCASTLE 0-3**
0-1 Rémy Cabella (40.), 0-2 Sammy Ameobi (50.), 0-3 Yoan Gouffran (78.).

**CRYSTAL PALACE - EVERTON 0-1**
0-1 Romelu Lukaku (2.).

**LIVERPOOL - WEST HAM 2-0**
Raheem Sterling (51.), Daniel Sturridge (80.).w

**MAN. UNITED - LEICESTER 3-1**
1-0 Robin van Persie (27.), 2-0 Radamel Falcao (31.), 3-0 Sjálfsmark (44.), 3-1 Wasilewski (80.).

**STOKE - QUEENS PARK RANGERS 3-1**
Jonathan Walters 3 (21., 34, 90.) - Kranjcar (36.).

**SUNDERLAND - BURNLEY 2-0**
1-0 Wickham (20.), 2-0 Jermain Defoe (35.).

**WEST BROMWICH - TOTTENHAM 0-3**
Christian Eriksen (6.), Harry Kane 2 (15., 64.).

**CHELSEA - MANCHESTER CITY 1-1**
1-0 Loic Rémy (41.), 1-1 David Silva (45.).

**ARSENAL - ASTON VILLA 5-0**
1-0 Olivier Giroud (8.), 2-0 Mesut Özil (56.), 3-0 Theo Walcott (63.), 4-0 Santi Cazorla, víti (75.), 5-0 Héctor Bellerín. (90.+2).

**SOUTHAMPTON - SWANSEA 0-1**
0-1 Jonjo Shelvey (83.)

**Stig efstu liða:** Chelsea 53, Manchester City 48, Manchester United 43 Southampton 42, Arsenal 42, Tottenham 40 Liverpool 38, West Ham 36 Swansea 33, Stoke 32, Newcastle 30.

# Gullið var ekki til sölu

Samsuðulandslið Katars varð að játa sig sigrað gegn Frökkum í úrslitaleik HM í gær. Frakkar eru þar með ríkjandi handhafar allra þriggja stóru titlanna á alþjóðavísu og heimsmeistarar í handbolta í fimmta sinn.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson í Katar**
eirikur@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Frakkland varð í gær heimsmeistari í handbolta eftir sigur á Katar í úrslitaleik á HM í Doha, 25-22. Ólseigir heimamenn voru þó meisturunum verðandi erfiðir en Frakkar, sem tóku frumkvæðið strax í upphafi leiks, leiddu allt til loka. Fyrr um dag tryggði Pólland sér bronsið eftir sigur á Spáni í framlengdri spennuviðureign.

„Við spiluðum frábæran handbolta í 45 mínútur en Frakkar sýndu yfirburði sína fyrsta korterið. Það kom í ljós í dag að við erum með nýtt lið,“ sagði Spánverjinn Valero Rivera, landsliðsþjálfari Katars.

Sama hvað menn reyna að fegra hlutina þá keypti Katar sér handboltalandslið fyrir þetta mót. Engar reglur voru brotnar og Rivera náði að setja saman sterkt lið sem með eilítilli heppni, og jafnvel smá örðu af heimadómgæslu inn á milli, fór alla leið í úrslitaleikinn. Þar barðist liðið hetjulega gegn ógnarsterku frönsku liði sem er nú handhafi heims-, Evrópu- og Ólympíumeistaratitlanna.



**HANDHAFAR ALLRA TITLA** Frakkarnir Thierry Omeyer, Nikola og Luka Karabatic og Cedric Sorhaind fagna í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

„Það var mikilvægt fyrir okkur að vinna EM í fyrra,“ sagði Claude Onesta, þjálfari Frakka, á blaðamannafundinum eftir leik. „Við erum með ungt lið – þó svo að við séum með nokkra reynslumikla með – og ég vissi ekki að þetta lið væri tilbúið til að vinna aftur nú. Þetta var próf fyrir okkur og strákarnir stóðu sig gríðarlega vel.“

Mönnum er nú spurn hvort að uppgangur katarsks handbolta sé aðeins rétt að byrja. Rivera segist í það minnsta stefna á að koma liðinu á Ólympíuleikana í Ríó árið 2016. Liðinu standa tveir leiðir til boða - að verða Asíumeistari á næsta ári eða í gegnum undankeppni Ólympíuleikanna.

„Við viljum halda áfram okkar vinnu. Ef við ætlum að ná enn frekari árangri þá þurfum við að halda áfram að leggja á okkur mikla vinnu. Við höfum getuna og allt sem þarf til að ná langt og ef við leggjum mikla vinnu á okkur þá munum við spila á næstu Ólympíuleikum.“

Rivero hefur neitað að svara spurningum um nokkuð annað en handbolta. Það sem handboltaheimurinn lærði þó af þessu móti er að það virðist mun minna mál en menn héldu að kaupa sér landslið sem getur staðist þeim allra bestu snúning. Gullið var þó ekki til sölu í þetta skiptið en öllum má vera ljóst að það virðist nú aðeins vera tímaspursmál, nema að stórtækar breytingar verði gerðar á reglum Alþjóðahandknattleikssambandsins. Miðað við núverandi landslag virðast þær breytingar ekki í aðsigi.








**Í METAHAM** Kolbeinn Höður Gunnarsson í 400 metra hlaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Helgin hans Kolbeins

## Setti Íslandsmet í bæði 200 og 400 metra hlaupi

**FRJÁLSAR** Kolbeinn Höður Gunnarsson úr UFA var maður helgarinnar því þessi 19 ára spretthlaupari setti tvö Íslandsmet á Stórmóti ÍR, í 400 metra hlaupi í gær og í 200 metra hlaupi á laugardag.

Kolbeinn Höður kom í mark í 200 metra hlaupinu á 21,64 sekúndum og bætti með því fjögurra ára met Óla Tómasar Freyssonar.

Kolbeinn Höður kom í mark í 400 metra hlaupinu á 47,59 sekúndum en Kolbeinn hafði áður hlaupið best á 48,03 sekúndum. Hann setti ekki aðeins Íslandsmet heldur náði einnig lágmarki á EM innanhúss.

Alls bættu keppendur sig í 652 greinum á Stórmóti ÍR en auk Íslandsmet Kolbeins voru sett tvö aldursflokkamet. Tristan Freyr Jónsson setti met í 60 metra grindarhlaupi 19 ára með því að koma í mark á 8,34 sekúndum.

Þórdís Eva Steinsdóttir úr FH setti nýtt met í 400 metra hlaupi 15 ára og yngri með því að koma í mark á 54,80 sekúndum. Hún varð önnur í hlaupinu og var rétt við lágmarkið á EM fullorðinna en Hafdís Sigurðardóttir setti þar nýtt persónulegt met með því að hlaupa á 53,70 sekúndum. Aníta Hinriksdóttir kom önnur í mark en var enn á ný dæmd úr leik. **- óój**



Til hvers að flækja hlutina?

# LIFÐU í NÚLLINU!

365

Öll vitum við að margt af því besta í lífinu kostar ekki neitt. Það fer svo sannarlega ekki fram hjá þeim sem eru með Skemmtipakka 365 eða aðra valda pakka, því nú er GSM áskriftin líka innifalin. Þannig geta viðskiptavinir 365 talað í 60 mínútur og sent 60 SMS fyrir 0 krónur. Viðskiptavinir fá einnig 20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Allt þetta ásamt frábærri sjónvarpsdagskrá! Komdu í áskrift og lifðu í núllinu með okkur.

**0 kr.**
4 GSM áskriftir
**60 mín.** og **60 SMS**
(60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift)

**0 kr.**
Internet
**20 GB**

**0 kr.**
Heimasími
**100 mín.***
*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma.

Allar nánari upplýsingar er að finna á 365.is




## SKEMMTIPAKKINN

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet, heimasími og aðild að Vild fyrir aðeins 9.290 kr. á mánuði.

**9.290 kr.**

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Dulda Ísland
**Stöð 2 kl. 20.30**

Vandaðir nýir þættir í umsjón Jóns Óttars Ragnarssonar sem fer með okkur í ævintýraleiðangur um Ísland. Samferðamenn hans eru meðal annars Magnús Scheving, Eiður Smári, Þorvaldur Davíð, Björn Thors og Erpur Eyvindarson. Hann skoðar helstu perlur landsins ásamt því að fara á leynda staði sem mætti kalla hið Dulda Ísland.





### Modern Family
**GULLSTÖÐIN KL. 19.45** Þriðja þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



### Charlie and the chocolate factory
**BÍÓSTÖÐIN KL. 20.05** Kalli litli dettur í lukkupottinn þegar hann kaupir sér súkkulaðistykki og finnur einn af hinum eftirsóttu gullmiðum. Verðlaunin eru heimsókn í glæsilegustu sælgætisgerð í heiminum.



### The Mindy project
**STÖÐ 2 KL. 19.20** Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástalífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.

### Bylgjan kl. 16.00
**Reykjavík Síðdegis**

Þorgeir, Kristófer og Bragi fylgja þér fram að kvöldfréttum Stöðvar 2 og Bylgjunnar.




iPhone viðgerðir



iSíminn
Skipholti 21


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Wonder Years
**08.30** 2 Broke Girls
**08.50** Bad Teacher
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Heilsugengið
**10.45** Höfðingjar heim að sækja
**11.00** Suits
**11.45** Falcon Crest
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.20** American Idol
**14.45** ET Weekend
**15.35** Loonatics Unleashed
**15.55** Raising Hope
**16.20** Guys With Kids
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Mindy Project
**19.45** Mike and Molly
**20.05** Friends With Better Live
**20.25** Dulda Ísland
**21.20** Suits
**22.05** Peaky Blinders 2
**23.05** Selfie
**23.25** Gotham
**00.15** Stalker
**01.00** Weeds
**01.25** Sparkle
**03.20** The King of Fighters
**04.50** Dulda Ísland
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Barcelona - Villarreal
**12.35** Danmörk - Slóvenía
**13.55** World's Strongest Man 2014
**14.25** Sheffield Utd. - Tottenham
**16.10** Barcelona - Villarreal
**17.50** Real Madrid - Real Sociedad
**19.30** Spænsku mörkin 14/15 S
**20.00** Super BOWL XLIX - New England vs Seattle
**22.30** UFC 182. Jones vs. Cormier Útsending frá UFC 183
**01.00** Spænsku mörkin 14/15

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00** Arsenal - Aston Villa
**08.40** Southampton - Swansea
**12.10** Crystal Palace - Everton
**13.50** Man. Utd. - Leicester
**15.30** WBA - Tottenham
**17.10** Arsenal - Aston Villa
**18.50** Chelsea - Man. City
**20.30** Football League Show 2014/15
**21.00** Messan
**22.15** Southampton - Swansea
**23.55** Messan

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsókir **21.30** Stormað

## STÖÐ 3

**17.05** Wipeout
**17.45** My Boys
**18.10** One Born Every Minutes UK
**19.00** The Amazing Race
**20.10** Saving Grace
**20.55** The Glades
**21.40** Vampire Diaries
**22.25** Pretty little liars
**23.05** Southland
**23.45** The Amazing Race
**00.50** Saving Grace
**01.35** The Glades
**02.15** Vampire Diaries
**03.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Ofurhundurinn Krypto **07.22** Latibær **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Strumparnir **08.25** Kalli á þakinu **08.47** Tommi og Jenni **08.53** Mamma Mu **09.00** Könnuðurinn Dóra **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveinsson **10.45** Elías **10.55** UKI **11.00** Ofurhundurinn Krypto **11.22** Latibær **11.46** Ævintýraferðin **12.00** Strumparnir **12.25** Kalli á þakinu **12.47** Tommi og Jenni **12.53** Mamma Mu **13.00** Könnuðurinn Dóra **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveinsson **14.45** Elías **14.55** UKI **15.00** Ofurhundurinn Krypto **15.22** Latibær **15.46** Ævintýraferðin **16.00** Strumparnir **16.25** Kalli á þakinu **16.47** Tommi og Jenni **16.53** Mamma Mu **17.00** Könnuðurinn Dóra **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveinsson **18.45** Elías **18.55** UKI **19.00** Pétur og kötturinn **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.55** Friends
**19.20** Mom
**19.45** Modern Family
**20.05** Two and a Half Men
**20.30** Sjálfstætt fólk
**21.00** The Following
**21.40** Sisters
**22.25** Boardwalk Empire
**23.25** The Blacklist
**00.10** Sjálfstætt fólk
**00.40** The Following
**01.20** Grimm
**02.05** Sisters
**02.50** Boardwalk Empire
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**09.40** 10 Years
**11.20** Scent of a Woman
**13.55** Charlie and the Chocolate Factory .
**15.50** 10 Years
**17.30** Scent of a Woman
**20.05** Charlie and the Chocolate Factory
**22.00** Silver Linings Playbook
**00.05** American Reunion
**01.55** Game of Death
**03.35** Silver Linings Playbook

## RÚV

**16.35** Skólaklíkur
**17.20** Tré-Fú Tom
**17.42** Um hvað snýst þetta allt?
**17.47** Loppulúði, hvar ertu?
**18.00** Undraveröld Gúnda
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Landakort
**18.30** Ferð til fjár
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Saga lífsins – Fyrstu skrefin David Attenborough fer ásamt áhorfendum yfir lífshlaup dýranna á sinn einstaka hátt. Fylgst er með dýrunum á mismunandi þroskastigum en lífsbarátta þeirra á ýmislegt sameiginlegt með lífsbaráttu mannfólksins.
**20.55** Á sömu torfu.
**21.10** Víkingarnir Ævintýraleg og margverðlaunuð þáttaröð um Ragnar Loðbrók, félaga hans og fjölskyldu.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hringborðið Mánaðarlegur þáttur þar sem þjóðmálaumræðan er skoðuð með hliðsjón af samhengi sögunnar og reynslunnar. Rætt verður um málefni innflytjenda.
**23.05** Kvöldstund með Jools Hollan
**00.15** Kastljós
**00.40** Fréttir
**00.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.40** Cheers
**15.05** Scorpion
**15.50** Jane the Virgin
**16.30** Judging Amy
**17.10** The Good Wife
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsæla þætti Tonight show sem hefur slegið öll áhorfsmet. Hunger Games–leikarinn Josh Hutcherson er gestur kvöldsins ásamt grínistanum Tracey Ullman.
**19.10** The Talk
**19.50** Rules of Engagement
**20.10** Hotel Hell
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** CSI
**22.30** The Tonight Show
**23.15** The Good Wife
**00.00** Elementary
**00.45** Hawaii Five-0
**01.30** CSI
**02.15** The Tonight Show

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**13.00** Golfing World 2015
**13.50** European Tour 2015
**17.50** Golfing World 2015
**18.40** PGA Tour 2015
**23.40** Inside The PGA Tour 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**NÝR REXTON**

**SSANGYONG**

# STÓRGÓÐUR




Bíll á mynd Rexton HLX







## Stór og stæðilegur alvöru jeppi á frábæru verði!

Rexton jeppinn frá SsangYong er loksins fáanlegur aftur á Íslandi og það á einstaklega góðu verði. Rexton stenst allan samanburð við aðra stóra jeppa á markaðnum. Og það skín í gegn að ekkert hefur verið til sparað í frágangi og þægindum. Rexton er fullvaxinn jeppi byggður á grind og með háu og lágu drifi. Rexton er alltaf til í tuskið. Komdu og reynsluaktu nýjum Rexton. **Hann er alvöru.**

- Bíll byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- Sjálfstæð fjöðrun að framan
- E-tronic 5 þrepa sjálfskipting með skiptirofum í stýri
- ABS hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- HDC, heldur á móti niður brekkur
- Tölvustýrð loftkæling
- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Styrktarbitar í hurðum
- 16" álfelgur
- Dráttargeta 2,6 tonn
- Varadekk
- Langbogar á þaki
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Hraðastillir (Cruise control)
- Útvarpstæki og geislaspilari / MP3
- 6 hátalarar og USB tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- Dagljósabúnaður
- Þokuljós - framan/aftan
- Hæðarstillanlegt leðurstýri
- Aðfellanlegir, rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Hiti í sætum
- 7 manna
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Opnanlegur gluggi á afturhlera
- Hiti undir þurrkum í framrúðu
- Vindskeið að aftan
- Litað gler
- Þjófavörn



2WD
Há-drifs stilling



4WD
Há-drifs stilling



4WD
Lág-drifs stilling

## Verð: 6.890 þús kr.

**Rexton DLX • dísel túrbó • sjálfskiptur**

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**benni.is**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Bílabúð Benna**
Sérfræðingar í bílum

**BÍÓMYNDIN**



**„Vertigo eftir Alfred Hitchcock. Mikið listaverk sem ég get horft á aftur og aftur og alltaf uppgötvað eitthvað nýtt. Þetta er gríðarleg ástarheimspeki dulbúin sem leynilögreglumynd.“**

Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður.

# Talað tungum á tungumálastefnumóti

Viðburðurinn Stefnumót við tungumál sló í gegn í fyrra og verður leikurinn því endurtekinn í vikunni.

Mathilde Braddock, nemandi í Háskóla Íslands, er ein af skipuleggjendum viðburðarins Date a Language eða Stefnumót við tungumál.

„Þetta er í annað sinn sem við höldum þennan viðburð, en tilgangurinn með þessu er að tengja saman erlenda aðila sem vilja læra íslensku og svo Íslendinga sem vilja læra tungumál erlenda aðilans,“ segir Braddock. en hún er sjálf frá Bristol í Englandi.

Viðburðurinn er haldinn í samstarfi við Café Lingua, stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og nemendur Háskóla Íslands. Gestum er skipt niður eftir tungumálum. „Við skiptum tungumálunum niður á borð, þannig að til dæmis þeir sem vilja tala japönsku fara á japanska borðið. Svo sest fólk bara niður og byrjar að spjalla. Barinn er opinn og oft hjálpar það til,“ segir hún og hlær.

Sjálf eignaðist hún vini á síðasta kvöldi frá Ítalíu. „Ég veit ekki hvort fleiri héldu sambandi eða hvort einhver ástarsambönd hafi orðið til, ég hef að minnsta kosti ekki frétt af því, en spurning hvað gerist núna.“

Það eru allir velkomnir á viðburðinn, þann 5. febrúar klukkan 16.30 í Stúdentakjallaranum.

- asi



**ALLIR VELKOMNIR** Þær Mathilde Braddock og Steinunn Friðriksdóttir vonast til að sjá sem flesta.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Í hönnunarkeppni á vegum ítalska Vogue

Fatahönnuðurinn Elísabet Karlsdóttir var valin til að taka þátt í fatahönnunarkeppni á Ítalíu þar sem keppt verður í hönnun á fatnaði úr loðfeld.

Elísabet Karlsdóttir fatahönnuður tekur þátt í fatahönnunarkeppninni REMIX, sem haldin er á Ítalíu af The International Fur Federation í samstafi við Vogue Talents.

„Þetta er sem sagt feldhönnunarkeppni, þar sem fatnaðurinn verður að vera með feld. Ég sendi inn mína hugmynd og var valin ásamt ellefu öðrum úr hópi 44 umsækjenda,“ segir Elísabet, en þetta er í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt.

Elísabet sendi inn eitt „look“ og þarf að undirbúa tvö önnur fyrir sýninguna sem verður í mars. „Jakkinn sem ég gerði er úr selskinni, rauðref frá Kanada og bísamfeldi. Svo gerði ég kjól sem er með tíbetlambskinni neðst,“ segir Elísabet.

Meðal dómara í keppninni er Franca Sozzani, tískudrottning og ritstjóri ítalska Vogue. „Ég geri nú alveg ráð fyrir að hitta hana, þar sem við hittum dómnefndina. Ég þarf svo að gera kynningarmyndband þegar ég kem út, en keppnin verður svo haldin á ráðstefnu þann 4. mars,“ segir hún.

En hvað gerist ef þú sigrar í keppninni? „Ég er ekki alveg viss, það eru engin verðlaun sem slík, held ég. Það er mjög vel staðið að þessari keppni og þarna verður mikið af flottu fólki úr tískuheiminum. Ég ætla að nýta tækifærið og byggja mér upp gott tengslanet,“ segir Elísabet. Eins og gefur að skilja er hráefni í svona hönnun mjög dýrt og hefur Elísabet verið einstaklega heppin og fengið góða aðstoð. „Skinna Icelandic Fur Trade Association hefur hjálpað mér mikið. Að auki er ég að vinna hjá Eggerti feldskera og þau hafa hjálpað mér gríðarlega mikið.“

Elísabet útskrifaðist frá LHÍ árið 2013. Hún hefur unnið mikið með feld og notaði hann meðal annars í útskriftarverkefnið sitt. „Ég fór á námskeið í Danmörku þar sem ég lærði ákveðna tækni við að vinna feldinn sem ég hef getað nýtt mér. Mér finnst mjög gaman að vinna með náttúruefni eins og feld og leður, en með feldinum þá er það þessi sérhæfing í tískubransanum sem er svo skemmtileg,“ segir Elísabet.

adda@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÆFILEIKARÍK** Elísabet hefur alltaf verið hrifin af feldi og notað hann í hönnun sína.

**FLOTT HÖNNUN** Jakkinn og kjóllinn sem Elísabet gerði fyrir keppnina.
MYND/ HÓLMFRÍÐUR DAGNÝ FRIÐJÓNSDÓTTIR

**„Það er mjög vel staðið að þessari keppni og þarna verður mikið af flottu fólki úr tískuheiminum. Ég ætla að nýta tækifærið og byggja mér upp gott tengslanet.**

# Kaleo tekur upp tónlist í London

Vinnur með upptökustjóra sem starfað hefur með Arctic Monkeys og Keane.

Hljómsveitin Kaleo er þessa dagana stödd í hljóðveri í London, þar sem hún er í upptökum.

Sveitin vinnur þar með breska upptökustjóranum Mike Crossey. „Við erum að prófa að vinna með Crossey og sjáum svo hvað kemur út úr því. Þetta er mikill fagmaður og við hlökkum til samstarfsins,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari og gítarleikari Kaleo.

Crossey hefur unnið með hljómsveitum á borð við Arctic Monkeys, Keane, The Kooks og Razorlight, svo nokkrar séu nefndar.

Kaleo verður í London í nokkrar vikur í upptökum en fer svo vestur um haf, nánar tiltekið til Austin í Texas. „Við spilum á tónleikum í Austin um miðjan febrúar eða seinni hluta febrúar. Við verðum með eins konar búsetu í Austin en verðum líka mikið á ferðinni á næstunni, geri ég ráð fyrir,“ útskýrir Jökull.

Sveitin mun líklega koma fram á fleiri tónleikum í Bandaríkjunum í kjölfarið.

Kaleo skrifaði undir plötusamning við Atlantic Records fyrir skömmu og verður tónlist hljómsveitarinnar gefin út á heimsvísu.

- glp



**Í UPPTÖKUM** Hljómsveitin Kaleo vinnur með þekktum upptökustjóra í London.
MYND/BALDVIN VERNHARÐSSON


LEYFÐU
OKKUR
AÐ LÉTTA Á ÞÉR
HEILSUVIKA NINGS DAGANA 2. - 9. FEBRÚAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HEILSURÉTTUM
NINGS
toppur
Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leikstýrir þremur sýningum

Það er nóg um að vera hjá leikstjóranum **Ágústu Skúladóttur** en þrjú leikverk undir hennar leikstjórn eru nú í sýningu.

Ágústa leikstýrir Línu Langsokk og Öldinni okkar sem báðar eru sýndar í Borgarleikhúsinu, auk þess var sýningin Björt í sumarhúsi frumsýnd í gær í Kaldalóni í Hörpu.

En það var leikarinn Karl Ágúst Úlfsson sem benti á þetta á Facebook-síðu sinni í gær.

Meðal annarra leikstjórnarverka Ágústu má nefna Ástardrykkinn og Töfraflautuna hjá Íslensku óperunni og Ballið á Bessastöðum og Dýrin í Hálsaskógi hjá Þjóðleikhúsinu. - gló



### Þingkonur á hundasleða

Þingkonurnar Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir og **Oddný Guðbjörg Harðardóttir** eru ásamt öðrum meðlimum Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins staddar í Aasiaat á Grænlandi vegna árlegrar þemaráðstefnu ráðsins.

Oddný deildi mynd á Facebooksíðu sinni af þingkonunum á hundasleða og skrifaði undir myndina að þingmenn frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum hefðu skellt sér á hundasleða áður en ráðstefna um samstarf landanna þriggja hófst.

Einnig tók hún fram að allir væru vel klæddir í kuldanum. - gló



### Mest lesið VÍSIR

1 Forseti ASÍ: Útilokað að ná þjóðarsátt á meðan ríkisstjórnin hamast á velferðarkerfinu
2 Þriggja ára drengur skaut á foreldra sína
3 Vildi frekar vera áfram á barnum en fara á slysadeild
4 Mikil reiði í Japan vegna morðsins á Goto
5 Lést í snjóflóði í skosku hálöndunum




